



MA ritgerð

Náms- og starfsráðgjöf

„Samfélagsmiðlar...væri besta leiðin til að ná til sem flestra“

Reynsla nemenda af náms- og starfsfræðslu og sýn þeirra á
nýtingu samfélagsmiðla við slíka fræðslu

Hildur Mist L. Pálmarsdóttir

Dr. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir
Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

**„Samfélagsmiðlar...væri besta leiðin til að ná til sem flestra“
Reynsla nemenda af náms- og starfsfræðslu og sýn þeirra á nýtingu
samfélagsmiðla við slíka fræðslu**

Hildur Mist L. Pálmarsdóttir

Lokaverkefni til MA gráðu í náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir

Aðstoðarleiðbeinandi: Jónína Ólafsdóttir Kárdal

30 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní, 2019

„Samfélagsmiðlar... væri besta leiðin til að ná til sem flestra“ Reynsla nemenda af náms- og starfsfræðslu og sýn þeirra á nýtingu samfélagsmiðla við slíka fræðslu

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA gráðu í náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Hildur Mist L. Pálmarsdóttir, 2019

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2019

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt, annars vegar að kanna upplifun og reynslu þátttakenda af náms- og starfsfræðslu og hins vegar viðhorf þeirra á notkun samfélagsmiðla sem upplýsingaveitu um nám og störf. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við sex þátttakendur á aldrinum 18-19 ára sem eru á lokaári sínu í framhaldsskóla. Þátttakendur voru bæði búsettir á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að viðmælendur höfðu litla reynslu af náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskóla. Upplifun þeirra af náms- og starfsfræðslu fólst aðallega í vettvangsheimsóknum og námskynningum. Misjafnt var eftir viðmælendum hvort upplifun þeirra af náms- og starfsfræðslu hafi verið gagnleg eður ei. Allir viðmælendur litu sem svo á að það væri góð hugmynd að nýta samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu þar sem að nú til dags væri allt aðgengilegt á internetinu og á samfélagsmiðlum. Niðurstaðan er sú að nemendur fá litla sem enga náms- og starfsfræðslu sem bendir til þess að enn í dag er óvissa í samfélaginu varðandi gagnsemi hennar. Viðmælendur töldu að það væri hentug leið að nýta samfélagsmiðla til þess að ná betur til ungmenna. Því er mikilvægt að nýta sér þekkingu innan náms- og starfsráðgjafarfræða um upplýsingamiðlun til einstaklinga í gegnum samfélagsmiðla. Vonast er til að rannsóknin geti gefið innsýn hvernig hægt er að auka upplýsingaflæði til nemenda um náms- og starfstækifæri.

Abstract

The aim of this research was twofold, first to explore participants' experience of career education, and second, to examine their attitude towards the use of social media as a career information resource. Six semi-structured interviews were conducted with participants aged 18 to 19, who are in their final year of upper secondary school. Participants were both from urban and rural areas. The results of the study showed that participants had little experience with career education in primary and secondary schools. The experience they had of career education consisted mainly of field visits and school presentations. The usefulness of the field visits varied between participants. All six participants agreed it would be a good idea to use social media for career education, as nowadays nearly everything is available in mainstream media, including internet and various forms of social media. The main result that was taken from the interviews was that students get little or no career education in school, which indicates that there is still uncertainty in the society regarding its usefulness. Participants believe that utilizing social media would be a better way to get the attention of young people. It is therefore important to use the knowledge within education, guidance and career counseling and share information with individuals through social media. The study can hopefully provide a better understanding of the easiest and most practical way to increase the flow of career information to students and at the same time promote further career education in schools.

Formáli

Þessi rannsókn er 30 ECTS lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem markmiðið rannsóknarinnar var tvíþætt, að kanna upplifun og reynslu nemenda af náms- og starfsfræðslu sem og að kanna viðhorf þeirra til þess að nota samfélagsmiðla sem upplýsingaveitu um nám og störf. Hugmyndin er sú hvort að hægt væri að auka náms- og starfsfræðslu í skólum með því að nýta samfélagsmiðla og þar með fara aðrar leiðir til þess að miðla upplýsingum um nám og störf. Í dag eru samfélagsmiðlar orðnir helstu samskiptaleiðir meðal ungs fólk og bjóða upp á marga möguleika þegar kemur að því að miðla upplýsingum um nám og störf.

Ég hef lengi haft áhuga á því hvernig hægt er að nýta upplýsingatæknina í okkar samfélagi. Eftir að hafa fengið fyrirlestur frá Lísu Maríu Kristjánsdóttur á ritgerð hennar um möguleika rafrænnar ráðgjafar á Íslandi má segja að áhuginn hafi kviknað á að einblína á tæknina í náms- og starfsráðgjöf. Vitandi það að náms- og starfsfræðsla sé ekki kennd í flestum skólum landsins samkvæmt rannsóknnum og könnunum ákvað ég að samtvinna þetta, hvernig hægt sé að nýta upplýsingatækni til þess að miðla upplýsingum um nám og störf.

Rannsóknin er unnin undir handleiðslu dr. Guðbjargar Vilhjálmsdóttur og Jónínu Ólafsdóttur Kárdal. Ég vil færa þeim mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og stuðning. Einnig vil ég koma á framfæri þökkum til kærasta míns, Andra Fannars og dóttur minnar, Emblu Sifjar, fyrir að sýna mér stuðning og þolinmæði við gerð verkefnisins. Síðast en ekki síst vil ég þakka viðmælendum mínum fyrir aðstoðina við framkvæmd rannsóknarinnar. Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér Vísindasiðareglur Háskóla Íslands. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknnum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Hildur Míst L. Pálmarsdóttir

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Útdráttur | 3 |
| Abstract | 4 |
| Formáli | 5 |
| Efnisyfirlit | 6 |
| 1 Inngangur | 8 |
| 1.1 Kenningarlegar forsendur náms- og starfsfræðslu | 11 |
| 1.2 Náms- og starfsfræðsla | 13 |
| 1.2.1 Vettvangsheimsóknir og starfskynningar | 16 |
| 1.2.2 Saga náms- og starfsfræðslu á Íslandi..... | 17 |
| 1.3 Samfélagsmiðlar | 18 |
| 1.3.1 Áhrif samfélagsmiðla..... | 19 |
| 1.3.2 Réttmæti upplýsinga á samfélagsmiðlum | 21 |
| 1.3.3 Mismunandi tegundir læsis | 22 |
| 1.3.4 Hæfni náms- og starfsráðgjafa til að nýta samfélagsmiðla í starfi | 23 |
| 1.4 Mikilvægi þess að huga að sýn notenda | 25 |
| 1.5 Staða þekkingar | 26 |
| 1.6 Hvað er til á Íslandi þegar kemur að rafrænum upplýsingum um nám og störf?..... | 29 |
| 1.7 Tími kominn til framkvæmda | 30 |
| 1.8 Rannsóknarspurningar | 32 |
| 2 Aðferð | 33 |
| 2.1 Þátttakendur..... | 33 |
| 2.2 Framkvæmd..... | 34 |
| 2.3 Úrvinnsla gagna | 35 |
| 2.4 Siðferðileg álitamál | 36 |
| 3 Niðurstöður | 38 |
| 3.1 Náms- og starfsfræðsla..... | 38 |
| 3.1.1 Vettvangsheimsóknir - „Við áttum bara að finna einhvern stað sem okkur fannst áhugaverður...“..... | 38 |
| 3.1.2 Námskynningar - „Ekkert eitthvað mikið, bara svona létt“ | 40 |
| 3.1.3 Skortur á náms- og starfsfræðslu - „Ég veit ekkert hvað það er en örugglega einhver fræðsla um nám og störf“ | 42 |
| 3.2 Samfélagsmiðlanotkun | 46 |

| | | |
|----------|--|-----------|
| 3.2.1 | Dagleg notkun - „Eiginlega mjög stór partur af lífinu er að nota samfélagsmiðla“..... | 46 |
| 3.2.2 | Upplýsingamiðlun - „Þannig að ég prófaði bara að googla hvað maður getur lært“..... | 47 |
| 3.2.3 | Sýn nemenda - „Það nota allir krakkar samfélagsmiðla núna og ég held að það væri besta leiðin til að ná til þeirra eða til sem flestra“..... | 50 |
| 4 | Umræður | 53 |
| 4.1 | Reynsla af náms- og starfsfræðslu..... | 53 |
| 4.2 | Samfélagsmiðlar sem samskipta- og upplýsingatæki..... | 57 |
| 4.3 | Sýn nemenda á notkun samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu..... | 59 |
| 5 | Lokaorð | 64 |
| | Heimildaskrá | 66 |
| | Viðauki 1 | 71 |
| | Viðauki 2 | 72 |

1 Inngangur

Mikil bylting hefur átt sér stað í upplýsinga- og samskiptatækni (UST) (e. *information and communication technology*) á undanförunum árum. Notendur internetsins hafa jafnt og þétt verið að aukast síðustu ár líkt og tölur hafa gefið til kynna (International Telecommunication Union, 2017). Samkvæmt upplýsingum frá árinu 2017 nota um 40% íbúa heimsins internetið. Þegar einungis er tekið mið af einstaklingum á aldrinum 15-24 ára nota 71% einstaklinga í heiminum internetið. Í aldurshópnum 15-24 ára í Evrópu hækkar þessi tala upp í tæp 96% en rúm 80% allra einstaklinga í Evrópu nota internetið. Í ljósi þessara öru breytinga hefur yngsta kynslóðin í dag verið kölluð „Digital natives“ eða frumbyggjar stafræna heimsins, þ.e. sú kynslóð sem þekkir ekki líf án stafrænnar tækni. Notkun internetsins og samfélagsmiðla hefur verið til staðar nánast allt þeirra líf (DeSilets, 2011). Þessi kynslóð hefur alla sína tíð þekkt tækni og alist upp við hana, má þar nefna notkun tölva, snjallsíma og fleira. Hún er vön því að nýta sér internetið og samfélagsmiðla til þess að leita sér upplýsinga og kys þá leið fram yfir það að sækja sér þjónustu ráðgjafa á hefðbundinn máta. Sumir einstaklingar eiga einfaldlega auðveldara með að tjá sig og láta skoðanir sínar í ljós þegar kemur að samfélagsmiðlum. Þeir eru þá frekar innan síns þægindaramma og því er ástæða til þess að skoða hvort að náms- og starfsráðgjafar eða aðilar innan menntakerfisins gætu mætt þeim á þessum vettvangi, á samfélagsmiðlum (Hung og Yuen, 2010).

Með auknum notendafjölda hefur internetið orðið ákveðinn miðpunktur fyrir samskipti og upplýsingamiðlun. Samfélagsmiðill (e. *social media*) er einn þátta UST sem hefur aukist hratt síðustu ár og náð gríðarlegum vinsældum í heiminum. Ekki er til nein ein skilgreining á orðinu samfélagsmiðill, þrátt fyrir að það sé notað um allan heim. Samfélagsmiðlar eru í huga margra verkfæri sem býður uppá að miðla upplýsingum og eiga samskipti við aðra. Samfélagsmiðlar eru margskonar en allir hafa þeir sama tilgang, það er að miðla upplýsingum og hafa samskipti (Kettunen, 2017).

Íslensk könnun var framkvæmd í maí árið 2018 þar sem samfélagsmiðlanotkun landsmanna var könnuð. Samkvæmt niðurstöðum hennar voru 93% Íslendinga á *Facebook*, tveir af hverjum þremur landsmönnum á *Snapchat*, 67% voru á Youtube og um 45% á *Instagram* (MMR, e.d.). Út frá þessum tölum má sjá að það er gífurlegur meirihluti

landsmanna sem notar samfélagsmiðla. Internetið er orðinn mikilvægur vettvangur samskipta og upplýsingamiðlunar.

Það er mikilvægt að geta sniðið hverskonar þjónustu að þörfum fólks og hvað það er sem hentar þeim til þess að bæta aðgengi þeirra að mikilvægum upplýsingum (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Ingibjörg Hanna Björnsdóttir, 2013). Í ljósi þessara öru breytinga síðustu ára þarf að bæta aðgengi að upplýsingum varðandi nám og störf á Íslandi. Bæði þar sem notkun internetsins og samfélagsmiðla er orðin meiri, sem og að starfsskipti eru orðin tíðari. Með notkun samfélagsmiðla er hægt að miðla upplýsingum til ólíkra hópa með einföldum og fljótlegum hætti. Þá eykst í leiðinni aðgengi að bæði náms- og starfstengdum upplýsingum, sem og náms- og starfsráðgjöfum (Hooley, Hutchinson og Watts, 2010).

Oft á tíðum hef ég hugsað með mér hvað það var sem hafði áhrif á námsval mitt. Þegar ég hugsa til baka þá man ég ekki eftir því að hafa fengið neina markvissa náms- og starfsfræðslu í grunn- eða framhaldsskóla sem hefði getað aðstoðað mig við mitt námsval. Ef náms- og starfsfræðsla hefði verið markviss á þeim tíma sem ég stóð frammi fyrir mikilvægri ákvörðun varðandi val á framhaldsskóla þá má geta sér þess til að valið mitt hefði ef til vill orðið öðruvísi. Í lok grunnskóla eru einstaklingar ekki mikið að velta fyrir sér að það nám sem þeir velji sér hafi áhrif á framtíð þeirra. Því er mikilvægt að nemendur fái náms- og starfsfræðslu sem kynnir fyrir þeim þá möguleika sem eru í boði og um leið auðveldar þeim náms- og starfsval sitt. Í dag ætti samfélagið að hafa mismunandi möguleika til þess að miðla upplýsingum til nemenda.

Í lögum grunnskóla (*Lög um grunnskóla*, nr 91/2008) stendur að nemendur eigi rétt á náms- og starfsráðgjöf frá sérfróðum náms- og starfsráðgjafa, en náms- og starfsfræðsla (e. *career education*) er skilgreind sem einn þáttur náms- og starfsráðgjafar (Gysbers og Henderson, 2006; Menntamálaráðuneyti, 2007). Ennfremur stendur í aðalnámskrá grunnskóla (2013) að „nemendur verði búnir undir frekara nám og starf með markvissri náms- og starfsfræðslu, víðtækri kynningu á námi sem er í boði að loknu skyldunámi, kynningu á atvinnulífinu og hvernig nám býr fólk undir fjölbætt störf sem bjóðast í samfélaginu” (Mennta- og Menningarmálaráðuneytið, 2013, bls 39). Af þessu má sjá skýrt hver tilgangur náms- og starfsfræðslu er og að skylt sé að veita nemendum markvissa náms- og starfsfræðslu. Þrátt fyrir lagabókstafinn hefur náms- og starfsfræðslu lítið verið

sinnt í skólum landsins. Þetta bendir til þess að það sé óákveðni í gangi í samfélaginu hvað varðar gagnsemi náms- og starfsfræðslu (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2016).

Náms- og starfsfræðsla er mikilvægur þáttur náms- og starfsráðgjafar þar sem allir nemendur eiga að fá fræðslu um nám, störf og þau atriði sem huga þarf að við náms- og starfsval. Náms- og starfsfræðsla felst í því að aðstoða nemendur við náms- og starfsval, nánar tiltekið aðstoðar hún einstaklinga við að kanna áhuga sinn, hæfileika og þá vitneskju sem nemendur hafa um mismunandi nám og störf (Menntamálaráðuneyti, 2007). Markmið náms- og starfsráðgjafa er að fá einstaklinga til að huga að hæfileikum sínum, áhuga og viðhorfi. Þeir vilja stuðla að því að einstaklingar finni styrkleika sína, áhuga og færni og auðvelda þeim að finna sína stefnu þegar kemur að námi og starfi. Náms- og starfsráðgjafar aðstoða og upplýsa nemendur um nám og störf sem í boði eru, bæði hérlendis og erlendis og undirbúa þá fyrir atvinnuleit (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2015).

Ljóst er að hægt er að horfa til nágrannaþjóðanna og taka til að mynda Finnland til fyrirmyndar þegar kemur að því hvernig mögulegt sé að háttá náms- og starfsfræðslu. Í Finnlandi hefur náms- og starfsfræðsla mun meira vægi en á Íslandi. Þar er náms- og starfsfræðsla skilgreind sem sérstök námsgrein í aðalnámskrá. Nemendur í 1. – 6. bekk hljóta náms- og starfsfræðslu sem þema innan annarra námsgreina og nemendur í 7. – 9. bekk eru með náms- og starfsfræðslu inni í stundatöflu sinni og fá 95 klukkustundir af fræðslu og ráðgjöf (European Lifelong Guidance Policy Network, 2012). Áhersla er lögð á að nota fjölbreyttar upplýsingar og gögn. Nemendur fá upplýsingar um námstækifæri og menntakerfið, skilning á vinnumarkaðnum og fjölbreytt störf. Með markvissri náms- og starfsfræðslu, á öllum skólastigum finnska skólakerfisins, er verið að undirbúa nemendur undir að taka ábyrgð á náms- og starfsferli sínum með upplýstum ákvörðunum. Einnig er hægt að horfa til Finnlands þegar kemur að notkun UST í náms- og starfsráðgjöf. Nú þegar eru náms- og starfsráðgjafar í Finnlandi farnir að nýta sér UST við náms- og starfsráðgjöf (Kettunen, Vuorinen og Sampson, 2015; European Lifelong Guidance Policy Network, 2012).

Segja má að ákveðin þáttaskil séu almennt í náms- og starfsfræðslu með tilkomu samfélagsmiðla. Horfa mætti á það sem tækifæri til þess að nýta í náms- og starfsfræðslu þar sem skortur er á henni hér á landi. Samfélagið á Íslandi og víðar í heiminum tekur

stöðugum breytingum og á það sama við um vinnumarkaðinn og námsframboð. Því er mikil þörf á náms- og starfsfræðslu fyrir einstaklinga í dag og vart á færi fjölskyldna eingöngu að sinna þessu verkefni og því verður íslenska menntakerfið að taka þetta upp. Það er ekki auðveld ákvörðun fyrir einstakling að velja sér framhaldsnám eftir grunnskóla og ekki verður hún auðveldari ef einstaklingurinn hefur ekki fengið neina fræðslu (Guðrún Friðgeirsdóttir, 1999).

Markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun og reynslu þátttakenda af náms- og starfsfræðslu og að kanna viðhorf þeirra til notkun samfélagsmiðla sem upplýsingaveitu um nám og störf. Mikilvægt er að fá fram sýn notenda, hlusta á þeirra raddir og koma þeim á framfæri. Verið er að koma upplýsingum á framfæri og huga að þörfum notenda, því er mikilvægt að kanna hvað þeir hafa um málið að segja og hver þeir telja að hentugasta leiðin sé til þess að auka náms- og starfsfræðslu.

1.1 Kenningarlegar forsendur náms- og starfsfræðslu

Kenningar sýna fram á hversu mikilvægt sé að huga að náms- og starfsþróun einstaklinga sem eru í stöðugri þróun. Í starfsferilsþróunarkenningum Super (1990) og Gottfredson (1981) um þróun náms- og starfsferils er lögð áhersla á að starfsþróun, sem hefst í barnæsku, sé í sífelldri þróun út lífið. Starfsval eða starfsákvörðun einstaklings er ekki ákvörðun sem er tekin einu sinni í lífinu heldur þróast starfsferillinn út lífið, samhliða reynslu, upplifun og þroska einstaklingsins (Super, 1990).

Super (1990) uppgötvaði að þetta sé ævilangt ferli og það sem gerist í barnæsku hefur áhrif á einstaklinginn á fullorðinsárum. Super setti fram nokkur lykilhugtök í starfsþróun. Þau eru til dæmis forvitni (e. *curiosity*), könnun (e. *exploration*), upplýsingaöflun (e. *information*), fyrirmyndir (e. *key figures*) og innri og ytri áhrif. Forvitni leiðir til könnunar í umhverfinu, heima fyrir, skóla, meðal jafningja og foreldra. Forvitni, eða það að furða sig, er aðferð til að fá upplýsingar og læra nýja hluti. Forvitni telst vera þörf en könnun hegðun hjá einstaklingum. Í könnun er verið að leita eða skoða. Könnunarstigið er til að mynda mikilvægasta stigið í kenningu Super þegar kemur að náms- og starfsfræðslu. Á könnunarstigi eru nemendur að auka sjálfsþekkingu sína, kanna áhuga sinn, gildi og getu. Þeir fara að huga að mismunandi störfum og afla sér upplýsinga um störf (Super, 1990). Nemendahópurinn sem náms- og starfsfræðsla beinist að í grunn- og framhaldsskólum er á þessu stigi. Upplýsingaöflun og nám er nauðsynlegt fyrir þroska barns og velgengni á

fullorðinsárum. Þær upplýsingar sem nemendur öðlast má lýsa sem eins konar bensíni í starfsþróun starfsferils á þessum aldri. Þess vegna skiptir náms- og starfsfræðsla höfuðmáli út frá kenningu Super.

Líkt og Super leggja fleiri kenningar áherslu á fyrirmyndir og hvað þær spila stórt hlutverk í þróun og þroska einstaklings í átt að náms- og starfsvali. Fyrirmyndir barna eru foreldrar, áberandi einstaklingar í samfélaginu, til að mynda íþróttafólk og sjónvarpsfólk, og einstaklingar sem þeir umgangast í þeirra eigin samfélagi. Börn byrja á unga aldri að mynda sér skoðanir á störfum og meta störf til dæmis út frá hegðun fyrirmynda og hvernig þeim líkar starfið sitt (Bandura, 1997; Gottfredson, 1981; Savickas, 2011; Super, 1990). Gottfredson (2002) gengur út frá í sinni kenningu að umhverfið sem börn alast upp í hafi áhrif á áhuga, skilning og þroska þeirra. Börn eru snemma á lífsleiðinni búin að mynda sér ákveðna skoðun á því hvernig aðrir líta á þau og samfélagið. Þau verða fljótt meðvituð um hvernig stéttaskipting samfélagsins sé, menntun, störf og tekjur. Börn byrja að mynda sér ákveðið starfakort (e. *cognitive map*) og endurpseglar það sýn þeirra á umhverfi sitt og sjálfan sig. Gottfredson (1981) talaði um í kenningu sinni að börn byrji snemma á ævi sinni að afmarka starfsmöguleika sína og byggja það á þeim upplýsingum sem þau fá úr umhverfinu sínu. Margt getur haft áhrif á einstaklinginn og það hvernig skoðun hans á framtíðarstarfi myndast. Vinir og ættingjar, störf foreldra, fyrirmyndir, sjónvarpsþættir, skólastarf, ráðgjöf og fleira í samfélaginu gerir unga einstaklinga meðvitaða um þá starfsmöguleika sem eru í boði (Krumboltz, 2009; Savickas, 2011; Super, 1990).

Oft eru störf metin út frá því hvort að þau séu karllæg eða kvenlæg. Það gerir það að verkum að ungir einstaklingar fara að takmarka starfsval sitt út frá því hvaða störf eru talin karllæg og kvenlæg í þeirra félagsheimi (Gottfredson, 2002). Rannsókn Guðbjargar Vilhjálmsdóttur og Guðmundar B. Arnkelssonar (2005) sýndi að börn, stelpur og strákar, hugsa ólíkt um kvennastörf við 15 ára aldur. Stúlkurnar telja þau virðingarverðari en drengirnir. Drengirnir meta störf meira út frá tekjumöguleikum. Í náms- og starfsfræðslu þarf að kynna bæði stelpum og strákum fyrir þeim störfum sem eru í boði í þó þau hafi fengið heitið kvennastarf eða karlastarf. Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur skýrt fram að jafnrétti þarf að ríkja við náms- og starfsfræðslu með þeim hætti að kynna þurfi bæði strákum og stelpum fjölbreytt námsframborð að loknum grunnskóla og mismunandi störf. Einnig kemur fram í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96,

2000, 19.gr., að í bæði ráðgjöf og náms- og starfsfræðslu eigi að kynna stelpum og strákum störf sem hafa verið álitin hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Náms- og starfsfræðsla leggur áherslu á að börn taki ákvarðanir sem byggja á sjálfstrausti og sjálfstæði, að standa með sinni ákvörðum. Í félagsnámskenningu Alfred Bandura (1997) er lögð mikil áhersla á hugtakið trú á eigin getu (e. *self-efficacy*), sú trú einstaklinga á sjálfan sig til þess að framkvæma ákveðna hegðun og ná árangri. Einstaklingurinn stendur frammi fyrir stórri og mikilvægri ákvörðun á ákveðnum tímapunkti í sínu lífi, náms- og starfsval. Því er hugtakið trú á eigin getu mikilvægt þegar kemur að vali og upplýsingaöflun einstaklinga, að hafa trú á sjálfum sér við náms- og starfsval, starfsleit eða verkefnum tengdu starfi. Er þetta hluti af markmiði náms- og starfsfræðslu, að fá einstaklinginn til að finna sinn eigin drifkraft og treysta á sjálfan sig. Þetta er ferli sem bæði þarf að örva og styðja við og er náms- og starfsfræðsla námsgrein sem styður fólk í sínu ferli (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004).

Frá sjónarhorni Savickas (2011) er þjónusta náms- og starfsráðgjafa skipt niður í þrjá þætti: leiðbeiningar varðandi starfsval (e. *vocational guidance*), náms- og starfsfræðsla (e. *career education*) og náms- og starfsráðgjöf (e. *career counseling*). Náms- og starfsfræðsla er samkvæmt Savickas íhlutun þar sem notaðar eru kennsluáðferðir við að leiðbeina einstaklingi eða hópum fyrir komandi verkefnum í starfsþróun og aðferðum til að takast á við þau verkefni. Með náms- og starfsfræðslu á Savickas við um að búa nemendur undir þau verkefni sem bíða þeirra á starfsferlinum. Í náms- og starfsfræðslu er eitt af markmiðunum að örva, virkja og styðja nemendur við að aðgreina ólík svið í samfélaginu og að þau átti sig á því hvert þau vilja stefna (Savickas, 2011).

Náms- og starfsfræðsla getur haft áhrif á marga þætti hjá hverjum og einum, þar á meðal sjálfsskoðun einstaklingsins. Að hann opni augun fyrir nýjum tækifærum í námi og starfi og læri aðferðir við ákvarðanatöku, geri áætlanir og myndi sér ákveðna stefnu (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004; Guðrún Friðgeirsdóttir, 1999). Í kenningu sinni talar Super einnig um starfsþroska (e. *career maturity*) og á það við hversu vel einstaklingur er undirbúinn til þess að taka ákvörðun um starfsval.

1.2 Náms- og starfsfræðsla

Starfsval og sá vitsmuna- og tilfinningaþroski sem liggur að baki því er sá þáttur sem reynt er að efla í náms- og starfsfræðslu (Super, 1990). Markmiðið er að fá nemendur til þess

að verða færir í því að takast á við verkefni sem þeir standa frammi fyrir vegna líffræðilegs og félagslegs þroska, sem og væntingum samfélagsins þegar einstaklingurinn hefur náð þessu stigi um ævinna. Það hefur sýnt sig að náms- og starfsfræðsla skilar árangri því nemandi sem hlýtur náms- og starfsfræðslu í grunnskóla er helmingi líklegri til að velja sér námsbraut í framhaldsskóla næsta skólaár heldur en sá sem hefur enga fræðslu fengið. Nemendur sem fá náms- og starfsfræðslu eru betur að sér í ákvarðantöku um nám og störf, sem og skipulagðri starfshugsun (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004).

Þegar einstaklingur stendur frammi fyrir einni stærstu ákvörðunlífs síns, náms- og starfsvali, er mikilvægt að hann eigi möguleiki á því að fá þá aðstoð sem hann þarf á að halda (Parsons, 2005). Náms- og starfsfræðsla hefur það að markmiði að „auðvelda nemendum að taka rökstudda ákvörðun um framhald á námi og starfi eftir grunnskólann“ (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000). Leiðin að því marki er oftast en ekki að breyta viðhorfum og atferli einstaklinga svo starfsval þeirra byggist á upplýstu og rökstuddu vali (Flynn, 1994; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000, 2004; Guðrún Friðgeirsdóttir, 1999).

Íslenskt þjóðfélag stendur frammi fyrir því vandamáli að það er ekki boðið upp á náms- og starfsfræðslu í öllum grunnskólum hérlandis (Hildur Ingólfssdóttir, 2016). Þar með fá margir nemendur ekki þá náms- og starfsfræðslu sem þeir eiga rétt á og þarf til að tryggja öruggt námsval. Með markvissari náms- og starfsfræðslu væri hægt að hafa áhrif á og fyrirbyggja brottfall nemenda úr framhaldsskólum. Náms- og starfsfræðsla aðstoðar einstaklinga við að taka upplýstar og meðvitaðar ákvarðanir þegar kemur að náms- og starfsvali sem er grunnur að farsælli starfsþróun (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004, 2007, 2010; Guðrún Friðgeirsdóttir, 1999).

Það virðist vera sem svo að ákveðin vitund sé í samfélaginu varðandi það að skortur sé á náms- og starfsfræðslu. Í umræðunni er verið að benda á það öðru hvoru að þetta þurfi að efla, ýmist í skýrslum eða könnunum, en ekkert gerist þrátt fyrir það. Í tillögu til þingsályktunar árið 2005-2006 um eflingu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum kemur fram að í áliti nefndarinnar árið 1998 að lagt væri til að „náms- og starfsfræðsla yrði gerð að skyldunámsgrein í 8. – 10. bekk í grunnskóla og að framhaldsskólar bjóði upp á valáfanga sem og skylduáfanga í náms- og starfsfræðslu“ (Þingskjal 14, 2005-2006). Í aðalnámskrá grunnskóla árið 1999 var náms- og starfsfræðsla sett undir nýja námsgrein sem hét lífsleikni. Í dag er sú námsgrein enn inni í stundatöflu

grunnskólanema og því má áætla að sú náms- og starfsfræðsla sem finnst í skólum falli þar undir (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Í skýrslu sem gefin var út árið 2015 á vegum Capacent og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, „Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi“, er lögð áhersla á að auka gildi náms- og starfsfræðslu bæði í skólum fyrir ungt fólk og í atvinnulífinu. Einnig að leggja þurfi áherslu á upplýsingar og tengingar við atvinnulífið og það sem er í boði úti á vinnumarkaði, hafa þarf í huga bæði iðn- og starfsnám þegar verið er að fræða í skólum. Að auki er nefnt að mikilvægt sé að nýta áhugasviðskannanir ef þarf sem og að horfa þurfi á hæfni, áhuga og styrkleika hvers og eins. Í skýrslunni kemur fram að markmið er að náms- og starfsfræðsla verði hluti af stundaskrá nemenda bæði í grunn- og framhaldsskólum, og viðeigandi námsefni verði þróað. Einnig að fræðsla fari fram í samstarfi við vinnumarkaðinn (Capacent, 2015). Þetta svipar til þess sem lagt var fram árið 1998, eins og sagt var frá hér að ofan, að náms- og starfsfræðsla yrði gerð að skyldugrein í efstu bekkjum grunnskóla og að framhaldsskólar bjóði upp á val- eða skylduáfangi í náms- og starfsfræðslu.

Í skýrslu OECD (2013) um starfsmenntun á Íslandi kemur fram að skortur sé á upplýsingum um starfsmenntun og að náms- og starfsráðgjöfin hafi of bóknámslega slagsíðu. Ástæðan fyrir því er sú að það virðist vera að kennarar sem hafa litla þekkingu á náms- og starfsumhverfi sjái um hana. Þegar ekki er verið að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf leita nemendur oft til fjölskyldu til þess að fá upplýsingar, þær upplýsingar geta oft skort áreiðanleika og eru oft einstaklingsmiðaðar. Nauðsynlegt er að nemendur fái sem mesta fræðslu og fái að kynnast náms- og starfsumhverfi samfélagsins. Því er mikilvægt að einstaklingar hafi aðgang að áreiðanlegum og réttmætum heimildum þegar kemur að upplýsingaöflun.

Í niðurstöðum rannsóknar sem var framkvæmd árið 2014 varðandi reynslu og upplifun nemenda í 10. bekk af náms- og starfsfræðslu (Jóhanna Margrét Eiríksdóttir, 2014) kemur fram að nemendur vilji sjá náms- og starfsfræðslu í grunnskóla og vilja að hún byrji fyrr. Nemendum finnst náms- og starfsfræðslan gefa innsýn inn í störf fólks og sýna fram á fjölbreyttar námsleiðir sem standa til boða fyrir nemendur. Náms- og starfsfræðslan sem nemendur fá, ef þeir yfirhöfuð fá hana, virðist oft skiptast í umræður

um skólakerfið, eigin áætlanir og vinsælasta viðfangsefni náms- og starfsfræðslu virðist vera vettvangsheimsóknir eða kynningar frá fyrirtækjum.

1.2.1 Vettvangsheimsóknir og starfskynningar

Líkt og fram kom eru vettvangsheimsóknir eða starfskynningar í fyrirtæki oftast en ekki megin kennsluáferðin í náms- og starfsfræðslu í grunnskólum hér á landi. Vettvangsferðir nemenda hafa skilað góðum árangri samanborið við þá sem ekki eru í starfsfræðslu (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000, 2007). Líkt og Bandura (1997) lagði áherslu á þá mótun umhverfi og samfélagið einstaklinginn. Í hans kenningu einblínir hann á hvernig umhverfið getur haft áhrif á einstaklinginn sem og herminám. Þetta snýst í rauninni um samspil hegðunar, umhverfis og persónulegra þátta. Bandura hélt því fram að einstaklingar læri mun meira af því að fylgjast með öðrum eða herma eftir öðrum. Herminám væri stór þáttur af þeirri færni sem fólk lærir á lífsleiðinni. Fólk er sífellt að þróa með sér færni og því eru margir áhrifaþættir í hans lífi. Til að mynda eru foreldrar og nánasta fjölskylda oft stór áhrifaþáttur og geta haft mikil áhrif á ákvarðantöku í hans starfsferilsþróun (Gibbons, Borders, Stephan og Davis, 2006; Whiston og Keller, 2004).

Það getur opnað augu nemenda fyrir því sem er í boði með því að fara í heimsókn á vinnustaði og fá að kynnast störfum sem þeir vissu jafnvel ekki að væru til (Jóhanna Margrét Eiríksdóttir, 2014). Það er mikilvægt að fagaðilar sem standa að náms- og starfsfræðslu séu í samstarfi við vinnumarkaðinn og að hann taki þátt í fræðslunni um hvers konar störf séu í boði. Þetta gerist með starfskynningum, fræðslu og námi sem á sér stað hjá fyrirtækjunum.

Í rannsókn Hildar Ingólfssdóttur (2016) um mat skólastjóra grunnskóla á mikilvægi náms- og starfsfræðslu kemur fram að 57% svarenda voru með vettvangsheimsóknir á dagskrá í sínum skóla. Í flestum tilvikum voru nemendur að fara í vettvangsheimsóknir einu sinni til tvisvar á ári. Vettvangsheimsóknir geta haft góð áhrif á nemendur og hjálpað til við ákvarðanatöku þeirra þegar kemur að náms- og starfsvali. Það þarf þó standa vel að undirbúningi vettvangsheimsókna vel til þess að þær skili tilætluðum árangri fyrir nemendur. Ávinningur vettvangsheimsókna getur oft reynst lítill miðað við þá mikla vinnu sem fer í að skipuleggja þær (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2007). Líkt og fram hefur komið er náms- og starfsfræðsla takmörkuð í grunn- og framhaldsskólum landsins og einkennist einna helst af vettvangsheimsóknum. Þetta er vandamál sem hefur staðið lengi yfir hér á

landi og enn er ekki búið að koma á fót markvissri náms- og starfsfræðslu. Því mætti spyrja hvort að skýringar sé að finna í sögu náms- og starfsfræðslu á því hve lítil áhersla er lögð á hana hérlendis.

1.2.2 Saga náms- og starfsfræðslu á Íslandi

Rekja má upphaf náms- og starfsfræðslu til ársins 1951 þegar Stefán Ólafur Gunnarsson sálfræðingur var ráðinn hjá Reykjavíkurborg í þeim tilgangi að sinna starfsfræðslu. Þingsályktun um starfsfræðslu í skólum var samþykkt árið 1960 og fjórum árum síðar var Stefán Ólafur ráðinn við Fræðslumiðstofuskrifstofuna. Árið 1965 var reglugerð sett varðandi starfsfræðslu í 1. og 2. bekk gagnfræðistigs, að starfsfræðsla yrði kennd eina kennslustund í viku (Gerður G. Óskarsdóttir, 1990).

Frá árinu 1960 og fram til ársins 1974 var að finna markvissa náms- og starfsfræðslu í grunnskólum en með tilkomu nýrra grunnskólalaga dró verulega úr henni og það eina sem í boði var voru vinnustaðaheimsóknir. Náms- og starfsfræðsla sem var almenn í 3. og 4. bekk grunnskóla lagðist alveg af. Það eina sem var eftir í lögum var að menntamálaráðuneytið skyldi gefa út bæklinga um nám í skólum landsins sem hét „Nám að loknum grunnskóla“. Í frumvarpi til grunnskólalaga sem lagt var fram árið 1973 var fjallað um skólaráðgjafa. Þar var lagt til að einn ráðgjafi starfi á hverja 500 nemendur í 7.-9. bekk í grunnskóla. Verkefni þeirra yrði meðal annars að sinna náms- og starfsvali og starfsaðferðum við nám. Þetta var fellt út í meðferð Alþingis við samþykkt laganna árið 1974. Árin 1982-1983 var lagt fram frumvarp um breytingar á lögum grunnskóla frá árinu 1974. Þar var lagt til að heimilt væri að ráða skólaráðgjafa við efstu bekk grunnskóla og miðast við að 500 nemendur stæðu á bak við hverja stöðu. Tillagan var hinsvegar felld vegna kostnaðar og þar með var í raun klippt á tengslin við Norðurlöndin (Gerður G. Óskarsdóttir, 1990).

Nú síðustu ár hefur stöðum náms- og starfsráðgjafa fjölgað gífurlega í grunnskólum landsins. Í könnun sem framkvæmd var árið 2017 með svörum 106 skólastjóra í grunnskólum landsins kom fram að starfandi náms- og starfsráðgjafar voru í 75% grunnskólanna, eða í 79 grunnskólum (Regína B. Erlingsdóttir og Sóley R. Guðmundsdóttir, 2017). Þrátt fyrir tilkomu fagaðila, náms- og starfsráðgjafa inn í grunnskóla ættu að vera sterkari forsendur fyrir því að byggja upp náms- og starfsfræðslu sem hefur því miður ekki verið raunin. Náms- og starfsfræðslu virðist ekki vera sinnt innan

veggja skólanna, hvorki af náms- og starfsfráðgjafa né öðrum, þar sem 58% skólanna eru ekki með náms- og starfsfræðslu inni í stundatöflu. Um 30% þeirra hafa náms- og starfsfræðslu sem skyldugrein og 12% skólanna hafa hana sem valgrein. Áhugavert er þó að 73% skólastjóranna sögðu að nemendur fengju náms- og starfsfræðslu í öðrum námsgreinum í unglingadeildum skólans (Regína B. Erlingsdóttir og Sóley R. Guðmundsdóttir, 2017).

Nýjustu tölur sýna að í dag er einungis verið að sinna náms- og starfsfræðslu í grunnskóla í 42% tilvika (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2019). Miða við þessar tölur þá fá nemendur misjafna náms- og starfsfræðslu, sem er óásættanlegt því mikilvægi náms- og starfsfræðslu er gríðarlegt (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004). Innifalið í náms- og starfsfræðslu er miðlun upplýsinga um nám og störf, því gæti innkoma samfélagsmiðla og markviss notkun hennar orðið til þess að renna sterkari stoðum undir framboð á náms- og starfsfræðslu, eins og vikið verður að í næsta kafla.

Náms- og starfsfræðsla hefur átt brösótt gengi í íslensku samfélagi og það virðist enn vera til staðar. Náms- og starfsfræðslu eru ekki sinnt í nægilega mörgum skólum hérlendis og því eru nemendur ekki að fá þá markvissu fræðslu sem þeir þurfa á að halda til þess að auðvelda val sitt þegar kemur að náms- og starfsvali. Ungt fólk þarf á upplýsingum að halda til þess að geta tekið ígrundaðar ákvarðanir. Með aukinni notkun samfélagsmiðla er upplýsingaöflun einstaklinga orðin auðveldari og aðgengilegri, en þá er stóra spurningin hvort að verið sé að setja fram réttmætar og áreiðanlegar upplýsingar varðandi nám og störf af fagaðilum. Samfélagsmiðlar bjóða upp á marga möguleika og gæti þar með verið einn þáttur í því að auka upplýsingamiðlun til nemenda.

1.3 Samfélagsmiðlar

Líkt og áður hefur komið fram hafa orðið örar breytingar á samfélagsmiðlum. Til er fjöldi mismunandi gerða samfélagsmiðla sem hafa fjölbreytta virkni. Einstaklingar nýta samfélagsmiðla á mismunandi hátt, bæði til að afla sér upplýsinga og í félagslegum tilgangi. Þeir samfélagsmiðlar sem eru þekktastir á Íslandi eru til dæmis *Facebook*, *LinkedIn*, *Twitter*, *Youtube*, *Instagram*, *Snapchat* og blogg síður sem bjóða upp á marga möguleiki til þess að miðla upplýsingum til notenda.

Hver og einn samfélagsmiðill býður upp á mismunandi leiðir til þess að miðla upplýsingum, til dæmis með færslum, hópum, myndum, myndskreiðum og auglýsingum .

Ein leið til þess að miðla upplýsingum á samfélagsmiðlinum *Instagram* er svokölluð saga (e. *story*) sem gerir einstaklingum kleift að deila myndskreiði, í allt að 15 sekúndur, eða mynd með einstaklingum. Myndin eða myndskreiðið er aðgengilegt í 24 klukkustundir og hverfur eftir þann tíma. Hægt er að setja margar myndir eða mörg myndskreið í söguna (Read, 2016).

Samfélagsmiðlar hafa notið gríðarlegra vinsælda bæði hérlendis og erlendis. Tölur frá því í janúar 2018 greina frá því að um 80% Íslendinga voru virkir á samfélagsmiðlum („Active social media penetration in European countries 2018 | Statistic“, e.d.). Samfélagsmiðlar hafa verið að koma til sögunnar í starfi náms- og starfsráðgjafa í nágrannalöndunum og eru orðnir hluti af daglegri vinnu margra starfandi ráðgjafa. Þrátt fyrir það er fagstéttin í heild enn óviss um hvernig sé hentugast að nýta samfélagsmiðla í starfi (Kettunen, 2017).

Sífelld fleiri náms- og starfsráðgjafar og ráðgjafarfyrtæki eru farin að nýta sér samfélagsmiðla til þess að ná til einstaklinga og gera þjónustu sína sýnilegri út á við (Kettunen, Vuorinen, o.fl., 2015; Osborn og LoFrisco, 2012). Fyrir marga eru samfélagsmiðlar einungis vettvangur þar sem verið er að deila upplýsingum og til að hafa samskipti við aðra. Í víðara samhengi þá eru samfélagsmiðlar ferli þar sem einstaklingar og stærri hópar miðla sameiginlegri þekkingu og skilningi með einstaklingum og samfélaginu (Sampson o.fl., 2018).

Fræðimenn og fagmenn í náms- og starfsráðgjöf hafa litið svo á að samfélagsmiðlar séu raunhæfur kostur og verkfæri til þess að miðla upplýsingum til einstaklinga og ráðþega og að einstaklingar séu að nota samfélagsmiðla í starfsþróun sinni utan hefðbundinnar ráðgjafar (Kettunen, Vuorinen, o.fl., 2015). Þar af leiðandi geta samfélagsmiðlar verið góð leið til þess að miðla upplýsingum og gera einstaklinga meðvitaðri um hvað sé í boði þegar kemur að námi og starfi. En hvaða áhrif hafa samfélagsmiðlar almennt og hver eru áhrifin á einstaklingana?

1.3.1 Áhrif samfélagsmiðla

Rannsóknir hafa sýnt að sífelld fleiri séu farnir að líta svo á að samfélagsmiðlar séu hluti af starfi þeirra (Kettunen, 2017; Kettunen, Vuorinen, o.fl., 2015). Ýmsir kostir og gallar geta fylgt miðlun upplýsinga í gegnum samfélagsmiðla líkt og öllu öðru. Finnskir náms- og starfsráðgjafar sem nýta sér samfélagsmiðla í starfi eru flestir sammála um það að með

notkun þeirra sé verið að færa þjónustu náms- og starfsráðgjafa nær fólki, verið er að ná til þeirra á fljótlegan og hagkvæman máta (Kettunen, Vuorinen, o.fl., 2015).

Þar sem notkun internetsins er orðin gríðarlega vinsæl í dag getur það auðveldað mörgum að nálgast upplýsinga í gegnum netið. Margir hafa ekki kjark eða þor til þess að fara og sækja sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og geta ástæðurnar sem liggja þar að baki verið margvíslegar. Þegar einstaklingar nota internetið eru þeir í raun ósýnilegir, ef svo má að orði komast. Þeir þurfa ekki að fara og tala við fagaðila og getur það gefið mörgum meira frelsi til þess að afla sér upplýsinga. Það að einhver komi ekki fram undir nafni né sé sýnilegur getur gefið honum kjark til þess að spyrja spurninga sem hann hefði ekki gert ef ráðgjafinn væri á sama stað og hann (Kettunen, Vuorinen, o.fl., 2015; Suler, 2004).

Samfélagsmiðlar hafa áhrif á daglegt líf einstaklinga og eru menn að fá upplýsingar hvort sem þeir leita að þeim sjálfir eða eru til að mynda að skoða samfélagsmiðla og sjá upplýsingar sem þeir voru ekki að leita að, þetta á því einnig við um upplýsingar um nám og störf (Osborn, Dikel og Sampson, 2011; Sampson o.fl., 2018). Ef einstaklingur nálgast upplýsingarnar sjálfur er hann oftast að nota leitarsíður til þess að finna upplýsingar eða að skrifa spurningu á samfélagsmiðla sem getur leitt til þess að hann fái svör og umræður. Þrátt fyrir að einstaklingurinn hafi enga ákveðna spurningu í huga getur hann aflað sér upplýsinga með því að taka þátt eða skrá sig inn á síður þar sem er að finna upplýsinga um störf, nám og verið er að skiptast á athugasemdum. Svo er til önnur leið og hún er sú að viðkomandi getur verið að fá upplýsingar án þess að leita beinlínis eftir þeim. Til dæmis þegar þeir eru að skoða mismunandi færslur á samfélagsmiðlum, myndir eða myndbönd í öðrum tilgangi (Sampson o.fl., 2018).

Samfélagsmiðlar, líkt og áður hefur verið nefnt, getur verið vettvangur til þess að bæði miðla upplýsingum og koma þeim á framfæri á árangursríkan, fljótlegan og hagkvæman máta. Þrátt fyrir að margir kostir séu við notkun samfélagsmiðla í ráðgjöf þá er margt sem þarf að huga að þegar kemur að notkun internetsins, þar á meðal siðferðileg álitamál sem fela í sér til að mynda trúnað, nafnleynd og öryggi samfélagsmiðla. Það er mikilvægt að huga að þeim vandamálum og áskorunum sem geta komið upp við notkun samfélagsmiðla og internetsins við náms- og starfsráðgjöf. Með notkun á tölvupósti, samskiptaforritum, myndbandsforritum og öðrum tækniforritum til þess að eiga í

samskiptum við ráðþega þarf alltaf að hafa í huga hvernig samskiptunum er háttað, hvaða gögnum er verið að safna eða dreifa og í gegnum hvaða miðla er verið er að safna þessum gögnum. Því er mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar séu vakandi fyrir því hvaða forrit þeir nota og hvernig öryggi þeirra er háttað (Osborn o.fl., 2011; Sampson og Makela, 2014).

Einstaklingar geta verið misvel í stakk búnir til þess að taka ákvarðanir tengdum starfi eða námi. Sumir einstaklingar þurfa meiri aðstoð við ákvarðanatökanir heldur en aðrir sem þurfa ef til vill litla sem enga aðstoð. Því þarf að huga að þeim sem þurfa á aðstoðinni að halda við að taka rökréttar og meðvitaðar ákvarðanir. Sá sem á erfitt með ákvarðanatöku getur átt í ýmis konar vanda, svo sem að hafa lágt sjálfstraust og neikvæðar hugsanir varðandi sína eigin getu og hæfni. Þá geta upplýsingar sem eru aðgengilegar á netinu vafist fyrir þeim, hvort sem þessar upplýsingar séu trúverðugar eða ekki (Sampson og Makela, 2014).

Margar ástæður liggja að baki þess að samfélagsmiðlar séu taldir vera góð leið til þess að ná til fólks. Einstaklingar hafa ef til vill ekki tækni á að sækja sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og því finnst þeim þetta vera auðveld og fljótleg leið til þess að fá upplýsingar. Mikilvægt er að huga að því hvaða samfélagsmiðla verið er að nota til þess að miðla upplýsingum þegar kemru að öryggisástæðum sem og hvaða upplýsingar er þar að finna, hvort þær séu réttmætar og áreiðanlegar.

1.3.2 Réttmæti upplýsinga á samfélagsmiðlum

Í nútímasamfélagi eru margir einstaklingar opinberir á samfélagsmiðlum og miðla upplýsingum um allt milli himins og jarðar, þeir eru svokallaðir „snapparar“ eða „áhrifavaldar“. Áhrifavaldar hafa sinn ákveðna fylgjendahóp sem treysta á þeirra frásögn þegar verið er að segja frá vöru eða þjónustu. Áhrifavaldar framleiða sitt eigið efni og setja á sinn miðil, setja þannig sína persónulegu sýn eða upplifun í frásögnina („#ad á Instagram“, e.d.). Þetta minnir á hve mikilvægt það er að huga að því hvort að þær upplýsingar sem verið er að miðla í gegnum samfélagsmiðla séu áreiðanlegar og réttmætar.

Sampson og félagar (2018) tala um upplýsingar sem koma fram á samfélagsmiðlum (e. *social media-based career information*) en það er skilgreint sem einstaklingar eða hópar sem nota samfélagsmiðla og þeirra sýn eða hugmyndir á störfum, námi og þjálfun.

Hér á landi er algengt að fólk með mismunandi lífsreynslu og skilning tjái sig opinberlega á samfélagsmiðlum og miðli upplýsingum til notenda. Þeir sem tjá sig opinberlega eru því orðnir höfundar þess efnis sem þeir láta frá sér. Því þarf alltaf að hafa í huga nákvæmni upplýsinganna og hvort að þær eigi við í dag og hvort upplýsingarnar séu áreiðanlegar og hlutlausar. Upplýsingar geta misst marks þegar þær byggja á skoðun einstaklings og óvíst hvort þær séu áreiðanlegar eða hlutlausar því sá sem í hlut á er að segja sína skoðun og hefur ákveðna sýn á ýmsum þáttum (Sampson o.fl., 2018).

Til þess að fólk sé ekki einungis að fá upplýsingar frá einstaklingum í samfélaginu þá er mikilvægt fyrir fagaðila að taka skrefið, miðla upplýsingum og ná til þessara hópa. Það er mikilvægt að fram komi hvaðan upplýsingarnar eru fengnar og hvernig þær eru settar fram. Þetta ætti að vera skýrt svo lesandi upplýsinganna sé meðvitaður um á hverju þær eru byggðar. Upplýsingar sem settar eru fram á internetinu og samfélagsmiðlum þurfa að vera skiljanlegar og í takt við tíma samfélagsins. Aðaláhættan er dreifing og miðlun á óréttmætum upplýsingum sem koma frá almenningi (Sampson o.fl., 2018).

Það er auðvelt fyrir alla í dag að setja upplýsingar á internetið og er það í höndum hvers og eins að horfa með gagnrýnum augum á hvað eru réttmætar upplýsingar og hvað ekki. Það er mikilvægt að einstaklingar nái að greina á milli réttmætra upplýsinga og óréttmætra, það getur verið í höndum náms- og starfsráðgjafa að aðstoða við að átta sig á gæði upplýsinga og mynda gagnrýna hugsun. Gæði upplýsinga hefur áhrif á ákvarðanir um nám og störf, eins og kemur fram í kenningu Super (1990). Náms- og starfsupplýsingar verða að vera réttmætar og sannleikanum samkvæmar þannig að notendur geti treyst á þær. Það er hægt að segja að það sé hlutverk ráðgjafans að aðstoða ráðþega og benda á hvaða upplýsinga eru gagnlegar og áreiðanlegar (Sampson o.fl., 2018).

1.3.3 Mismunandi tegundir læsis

Á þeirri tækniöld sem við lifum í dag hafa flestir einstaklingar reynslu af því að nýta sér tæknina og nota hana í daglegu lífi. Það nægir þó ekki að kunna að nýta sér tæknina, heldur þurfa einstaklingar að kunna að nýta hana í samræmi við markmið sín og þurfa að kunna að leita upplýsinga. Náms- og starfsráðgjafar telja upplýsingalæsi vera lykilfærni við notkun samfélagsmiðla (Kettunen, 2017). Getan til þess að vera virkur notandi samfélagsmiðla krefst þess að einstaklingur hafi þá hæfni í að finna, meta og nota ýmis konar efni á internetinu á gagnrýnin og virkan hátt (Kettunen, Sampson og Vuorinen,

2015). Til eru þrjár tegundir læsis þegar kemur að því að afla sér upplýsinga, þær eru upplýsingalæsi (e. *information literacy*), miðlalæsi (e. *media literacy*) og stafrænt læsi (e. *digital literacy*). Allar þrjár tegundir læsis teljast vera mikilvæg færni fyrir einstaklinga þegar kemur að því að afla sér upplýsinga á netinu (Stefán Jökulsson, 2012).

Við notkun á netinu þurfa menn að búa yfir ákveðinni færni og þekkingu til þess að geta staðsett það sem verið er að leita af. Þegar verið er til dæmis að leita að ákveðnum upplýsingu í gagnagrunni er bæði verið að notast við upplýsingalæsi og stafrænt læsi (Kettunen, 2017). Upplýsingalæsi er ákveðin þekking og færni til þess að geta aflað, staðsett og unnið úr upplýsingum á internetinu. Hvað stafrænt læsi varðar er verið að vísa í kunnáttu einstaklinga til þess að nota tæknina og netið, til dæmis hvernig á að leita af ákveðnum síðum, vista skrár af netinu, setja upp aðgang á samfélagsmiðlum og tjá sig á færslu hjá öðrum (Cordell, 2013). Miðlalæsi er ein tegund læsis sem á bæði við um fjölmiðla, svo sem dagblöð, útvarp og sjónvarp, og einnig stafræna miðla, tölvur, internetið og samfélagsmiðla. Miðlalæsi er kunnáttu og færni við miðlanotkun, annarsvegar hæfni til þess að geta bæði greint og metið allskonar efni og upplýsingar og hinsvegar hæfni til þess að búa til og miðla upplýsingum með ýmsum aðferðum, þar á meðal með samfélagsmiðlum (Stefán Jökulsson, 2012). Í dag eru mismunandi tegundir læsis orðnar mikilvægari með tilkomu UST. Bæði er það hæfni einstaklinga til þess að leita að upplýsingum á réttan hátt og fá réttar upplýsingar, sem og hæfni náms- og starfsráðgjafa að geta nýtt internetið og það sem það hefur upp á að bjóða á réttan og nytsamlegan hátt.

1.3.4 Hæfni náms- og starfsráðgjafa til að nýta samfélagsmiðla í starfi

Með tilkomu upplýsinga- og samskiptatækni (UST) og örum breytingum á því sviði að má segja að verið sé að gera nýjar kröfur varðandi starfshætti náms- og starfsráðgjafa (Kettunen, Sampson, o.fl., 2015; Vuorinen, Sampson og Kettunen, 2011). Tækni og samfélagsmiðlar bjóða upp á margvísleg tækifæri í náms- og starfsráðgjöf en um leið þurfa náms- og starfsráðgjafar að átta sig á nýrri hæfni og getu til þess að nýta þetta sem værkfæri í starfi. Það má því segja að það sé mikilvægt að finna sinn drifkraft eða eigin hvata til þess að nýta samfélagsmiðla í starfi (e. *personal motivation*)(Kettunen, Sampson og Vuorinen, 2015; Marton og Shirley, 1997).

Náms- og starfsráðgjafar ættu að búa yfir þeirri hæfni að geta skrifað og komið frá sér upplýsingum á skriflegan máta á netinu, ef nýta á samfélagsmiðla á árangursfullan hátt. Ef ráðgjafar vilja ná til ákveðins markhóps verða þeir að geta verið fjölhæfir í sínum skrifum. Þeir þurfa að geta skrifað með viðeigandi orðalagi inná samfélagsmiðla þannig að tekið verði mark orðum þeirra. Orð geta haft sterka og mikla merkingu og endurspeglað sýn þess sem skrifar (Kettunen, Sampson, o.fl., 2015).

Hluti af hæfni náms- og starfsráðgjafa er að finna sína eigin rödd og vera samkvæmur sjálfum sér þegar kemur að því að miðla upplýsingum. Hvaða upplýsingar vill hann láta á internetið til almennings og hvaða upplýsingar vill hann ekki miðla áfram. Geturhann leiðbeint ráðþeganum að skoða ákveðnar síður eða krefst þetta mál þess að viðkomandi komi og hitti ráðgjafann sjálfan og ræði við hann? Þessa þætti þarf að meta í hvert skipti og þarf ráðgjafinn að treysta á sjálfan sig í þeim málum.

Í rannsókn Álfhildar Eiríksdóttur (2011) varðandi viðhorf og reynslu náms- og starfsráðgjafa á Íslandi til rafrænnar ráðgjafar kemur fram að 95% náms- og starfsráðgjafa töldu sig hafa þá menntun og reynslu sem þarf til að veita rafræna ráðgjöf. Hafa þarf í huga að þýði rannsóknarinnar var heldur lítið og því ekki hægt að alhæfa um niðurstöðurnar. Rannsóknin gefur til kynna að náms- og starfsráðgjafar telja sig geta nýtt UST í náms- og starfsráðgjöf. Það er mikilvægt að huga að því að samfélagsmiðlar eru bæði nauðsyn og tækifæri í náms- og starfsráðgjöf, og hæfni náms- og starfsráðgjafa til að nýta þetta í starfi sínu verður sífellt mikilvægari (Osborn o.fl., 2011). Ástæðan fyrir mikilvægi þess að nýta upplýsinga- og samskiptatækni er sú að margir einstaklingar hafa einfaldlega ekki tækni á því að sækja sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa af mörgum ástæðum. Til að mynda er hægt að nefna þjónustu eVejledning í Danmörku þar sem verið er að nota UST til að nálgast hópa á þeirra tíma og forsendum. Á heimasíðu eVejledning er bæði hægt að finna upplýsingar varðandi nám og störf, sem og að það eru starfandi ráðgjafar sem veita rafræna ráðgjöf til einstaklinga og hópa („UddannelsesGuiden |“, e.d.). Því er notkun samfélagsmiðla hentug leið til þess að ná til þessa hóps sem ekki nýtir sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa á hefðbundinn máta (Morris og Aguilera, 2012).

Stór hluti af ferlinu í átt að nýtingu samfélagsmiðla felst í að náms- og starfsráðgjafar hafi áhuga og vilja til þess að nota þá. Kunnáttan er ekki aðalatriðið, heldur hvort að vilji sé fyrir hendi (Kettunen, Sampson, o.fl., 2015), því markmiðið með notkun UST í náms- og

starfsráðgjöf er að aðstoða bæði ungt fólk og fullorðna að taka upplýstar og meðvitaðar ákvarðanir varðandi störf og nám (Sampson, 2008). Ungt fólk í dag er núþegar farið að nýta sér tæknina mikið, bæði til gagns og gamans, því er mikilvægt að huga einnig að því hvaða aðferðir henti þeim til þess að afla sér upplýsinga.

1.4 Mikilvægi þess að huga að sýn notenda

Viðhorf fólks á notkun tækninnar í náms- og starfsráðgjöf getur verið mismundandi. Annars vegar eru náms- og starfsráðgjafar óvissir varðandi tæknina og hvernig hún geti fært einstaklingum náms- og starfsráðgjöf og hinsvegar eru einstaklingar sem hafa hvorki færni né sjálfstraust til þess að nýta tæknina á nytsamlegan hátt (Vuorinen, Sampson og Kettunen, 2011).

Þegar kemur að því að móta og bæta þjónustu fyrir ráðþega eða aðra notendur er mikilvægt að taka tillit til þeirra sjónarmiðs svo þjónustan skili árangri. Þjónustan þarf að henta notendum og því þarf að gefa þeim tækifæri til þess að segja frá sínum skoðunum og hugmyndum. Mikilvægt er að ná til ráðþega og notenda á þann hátt sem þeir telja að henti sér, þar sem þessi þjónusta hefur áhrif á þeirra líf og því mikilvægt að ráðþegarnir séu með í því að móta hana. Ef við hlustum ekki á raddir notenda er hættu á að þjónustan sem verið er að þróa svari ekki þeirra þörfum og þar af leiðandi skilar hún sér ekki til þeirra (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir o.fl., 2011).

Lítið er til af rannsóknum á sviði náms- og starfsráðgjafar þar sem þátttaka notenda og sýn þeirra er skoðuð. Þó hafa rannsóknir sýnt að notendum og ráðþegum finnist mikilvægt að mótað sé þjónustu í samráði við þá og að hugað sé að því hvernig þeirra hugmyndir og þarfir eru. Notendur eru mikilvægir þegar verið er að huga að gæðum og skipulagningu í stefnumótun náms- og starfsráðgjafar (Bimrose, Barnes og Hughes, 2008; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir o.fl., 2011). Rannsókn Bimrose, Barnes og Hughes (2008) sýndi að með því að huga að notendum og hlusta á þarfir þeirra styður það við að bæta leiðsögnina. Þátttaka notenda getur verið mismikil þegar kemur að mótun þjónustu, allt frá því að notendur segji frá sinni eigin reynslu af þjónustunni, bendi á hvernig bæta megi þjónustu og að meiri þátttöku þar sem notendur taka þátt í stefnumótun, áætlanagerð, þróun og endurskoðun á þjónustunni. Því er ástæða til þess að spyrja notendur um nytsemi samfélagsmiðla í náms- og starfsfræðslu og fá þeirra sýn á þá hugmynd.

1.5 Staða þekkingar

Staða þekkingar á Íslandi er ekki mikil að umfangi þegar kemur að upplýsinga- og samskiptatækni (UST) í náms- og starfsráðgjöf og hafa fáar rannsóknir á efninu litið dagsins ljós. Tvær rannsóknir hafa verið framkvæmdar á síðustu árum sem tengjast rafrænni ráðgjöf og nýtingu internetsins við náms- og starfsráðgjöf. Í rannsókn Álfhildar Eiríksdóttur (2011) sýndu niðurstöður að 48 náms- og starfsráðgjafar, af þeim 54 sem tóku afstöðu, sögðust hafa reynslu af því að nota rafræna ráðgjöf í sínu starfi. Rúmlega helmingur þeirra sem tóku þátt voru þó einungis að verja um 0-10% af vinnutímanum í rafræna ráðgjöf og um fjórðungur sagðist eyða á bilinu 11-20%. Þegar náms- og starfsráðgjafar voru spurðir út í hversu miklum tíma þeir myndu vilja eyða í rafræna ráðgjöf sögðust þeir vera til í að eyða meiri tíma en raunin var. Þegar náms- og starfsráðgjafar voru spurðir út í það hversu miklum hluta vinnutímans þeir vildu nýta í rafræna ráðgjöf dreifðust svarmöguleikarnir meira og var meirihlutinn sem svaraði á bilinu 0-30%. Þó voru einhverjir sem svöruðu á bilinu 31-70%.

Hin íslenska rannsóknir rannsókn Lísu Maríu Kristjánsdóttur (2015) sem fjallaði um framtíðarmöguleika rafrænnar ráðgjafar á Íslandi. Þar skoðaði hún þá möguleika sem upplýsinga- og samskiptatækni geta haft innan náms- og starfsráðgjafa. Horft var til Danmerkur, þar sem rætt var við danska netrúðgjafa sem hafa starfað í þó nokkurn tíma hjá ráðgjafarstofnuninni eVejledning. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að kostir við rafræna ráðgjöf væru fleiri heldur en ókostir hennar. Þetta er því frábært dæmi og tækifæri til þess að læra af annarri þjóð sem stendur okkur frammar í þessum málum. Hún hefur hlotið mikilla vinsælda meðal einstaklinga í Danmörku og eru margir starfandi ráðgjafar hjá eVejledning.

Rannsókn var framkvæmd í Finnlandi árin 2001-2002 og síðar var eftirfylgnirannsókn framkvæmd árið 2010 (Vuorinen o.fl., 2011). Verið var að kanna hvort að breytingar hefðu orðið varðandi hlutverk internetsins og notkun þess meðal náms- og starfsráðgjafa. Niðurstöður eftirfylgnirannsóknarinnar sýndu að breytingar hefðu orðið á þessum árum frá því að gögnum var fyrst safnað. Nemendur voru farnir að nýta sér internetið í meira mæli heldur en áður fyrr sem gefur auga leið á hversu hraðar breytingar hafa orðið í notkun stafrænnar tækni. Einnig fannst náms- og starfsráðgjöfum internetið hafa komið í staðinn fyrir bæklinga og annað útprentað efni. Á internetinu er hægt að finna uppfært

efni og auðveldara að uppfæra efni á fljótlegan hátt. Náms- og starfsráðgjöfum fannst þeir finna fyrir utanaðkomandi þrýstingi til að nota internetið í meira magni í daglegu starfi. Til dæmis til þess að setja fleiri gagnlegar upplýsingar um nám og störf á vefsíður.

Osborn og LoFrisco (2012) rannsökuðu notkun samfélagsmiðla hjá ráðgjöfum í háskólum og sýndu þeir fram á að margir hafa aukið notkun sína á samfélagsmiðlum, til dæmis á *Facebook*, *Twitter* og *LinkedIn*. Þrjár algengustu leiðir sem náms- og starfsráðgjafar nýttu samfélagsmiðla í var til að veita nemendum starfsferilstengdar upplýsingar, hafa samband við nemendur, og til að auka náms- og starfsráðgjöf. Áhugavert er að horfa til þess hversu lítil þekkingin er varðandi UST og samfélagsmiðla í náms- og starfsráðgjöf hér á landi. Því einungis hafa tvær rannsóknir verið gerðar hér á landi. Ekki er ljóst hvort að ráðgjafar séu að efla sig í starfi í gegnum sí- og endurmenntun.

Í rannsókn Kettunen, Vuorinen og Sampson frá árinu 2013 voru hugmyndir um notkun samfélagsmiðla í starfi náms- og starfsráðgjafa kannaðar. Niðurstöðum rannsóknarinnar var skipt niður í fimm flokka sem endurspegluðu sýn náms- og starfsráðgjafa á notkun samfélagsmiðla í náms- og starfsráðgjöf. Þessir fimm flokkar voru (1) óþarfir, (2) hægt að komast af án þess að nota þá, (3) möguleiki á notkun, (4) ákjósanlegir, og (5) nauðsynlegir. Út frá þessum niðurstöðum, flokkunum fimm, má áætla að á þessum tímamarki hafi samfélagsmiðlar verið tiltölulega nýjir af nálinni þegar kemur að notkun í starfi. Sýn og þekking náms- og starfsráðgjafa var misjöfn, frá því að finnast þeir óþarfir og að því að finnast þeir nauðsynlegir, þegar horft var til samfélagsmiðla en öll voru þau vön að nota UST í sínu starfi (Kettunen, Vuorinen og Sampson, 2013).

Í rannsókn frá árinu 2015 þar sem þau Kettunen, Vuorinen og Sampson rannsökuðu upplifun náms- og starfsráðgjafa á því að nota samfélagsmiðla í starfi komu áhugaverðar niðurstöður í ljós. Í stuttu máli fannst náms- og starfsráðgjöfum samfélagsmiðlar vera nytsamleg leið til þess að miðla upplýsingum og ráðum til einstaklinga. Ef farið er ítarlega í niðurstöður rannsóknirinnar er þeim skipt niður í fjóra flokka eftir svörum þátttakenda. Í fyrsta flokknum fannst náms- og starfsráðgjöfum samfélagsmiðlar vera hentug leið til þess að miðla upplýsingum en ákveðin óvissa ríkti um hvernig ætti að nýta samfélagsmiðla í ráðgjöf. Samfélagsmiðlar væru áhrifarík leið til þess að gera upplýsingar og þjónustu sýnilegri fyrir alla þá sem væru að huga að námi eða starfi. Litu þeir svo á að notkun samfélagsmiðla í starfi sínu væri ákveðin áskorun fyrir þá, meðal annars þar sem

auðveldara væri að efast um fagmennsku þeirra, gildi og nákvæmni í þeim upplýsingum sem þeir birta (Kettunen og fl., 2015).

Í öðrum flokknum voru samfélagsmiðlar notaðir í þeim tilgangi að hafa samskipti við einstaklinga (Kettunen, Vuorinen og Sampson, 2015). Þeir litu sem svo á að samfélagsmiðlar væru raunhæfur valkostur samhliða hefðbundinni ráðgjöf. Ástæðan sem gefin var upp fyrir því að samfélagsmiðlar væru notaðir í þeirra starfi var aðgengi. Samfélagsmiðlar veita einstaklingum tækifæri til þess að komast í samband við upplýsingar og ráðgjöf á þægilegan og hentugan máta, til að mynda þeim sem ekki treysta sér til þess að mæta á staðinn í ráðgjöf.

Þriðji flokkurinn í rannsókninni varðar það að samfélagsmiðlar eru nýttir sem gagnvirkt vinnuumhverfi (Kettunen, Vuorinen og Sampson, 2015). Þar er litið á að samfélagsmiðlar sem gagnvirkt vinnuumhverfi í náms- og starfsráðgjöf. Fagmenn litu sem svo á að samfélagsmiðlar væri vettvangur fyrir náms- og starfsráðgjöf og nýttu þá í að sameina þá einstaklinga sem hafa sömu spurningar, til að mynda. Þeir náms- og starfsráðgjafar sem röðuðust í þennan flokk voru þeir ráðgjafar sem höfðu aðlagð sig að því að nýta samfélagsmiðla í ráðgjöf. Samfélagsmiðlarnir væru vettvangur fyrir gagnvirk samskipti og miðlum upplýsinga. Hér má sjá að sýn þessara einstaklinga er frábrugðin þeim sem eru í öðrum flokknum. Hér fara skoðanirnar frá því að nýta samfélagsmiðla í einstaklingsráðgjöf yfir í hópráðgjöf og svo gagnvirk samskipti. Sá sem þiggur ráðgjöf er að fá ráð og leiðbeiningar bæði frá ráðgjafa og öðrum jafningjum.

Í fjórða og síðasta flokknum er litið svo á að samfélagsmiðlar geti bæði breytt og betrubætt náms- og starfsráðgjöf (Kettunen, Vuorinen og Sampson, 2015). Náms- og starfsráðgjafar litu á samfélagsmiðla sem vettvang þar sem hægt væri að miðla sérþekkingu sinni og mikilvægum upplýsingum um vandamál í starfi, samtvinnungarráðgjöf (e. *co-careering*) og að eiga í samskiptum við og með öðrum einstaklingum í samfélaginu á sama vettvangi. Hugtakið samtvinnungarráðgjöf vísar til þess að samfélagsmiðill/miðlar séu notaðir til að deila þekkingu og reynslu og í gegnum samvinnuráðgjöf (e. *co-construction*) er tekist á við náms- eða starfstengdar áskoranir og merkingarbærar úrlausnir verða til í gegnum samskiptin. Ef til að mynda náms- og starfsráðgjafi nær vel til hópsins á samfélagsmiðlum með skrifum sínum þannig að aðrir meðlimir vilji deila skrifum hans með öðrum er strax verið að dreifa upplýsingum til stærri

hóps með notkun samfélagsmiðlanna heldur en munnlega milli fólks. Í þessari rannsókn má sjá að gengið er út frá því að samfélagsmiðlar séu hluti af starfi náms- og starfsráðgjafa, þó það sé verið að nota þá á mismunandi hátt.

Breyting hefur orðið á hugsanahætti meðal náms- og starfsráðgjafa og sýn þeirra á nýtingu samfélagsmiðla í starfi. Sýn náms- og starfsráðgjafa á nýtingu samfélagsmiðla er misjöfn og fer úr því að litið sé á samfélagsmiðla sem nytsamlega leið til þess að miðla upplýsingum, yfir í það að samfélagsmiðlar séu hluti af starfi náms- og starfsráðgjafa (Kettunen, Vuorinen og Sampson, 2013; Osborn og LoFrisco, 2012; Vuorinen o.fl., 2011). Þegar litið er á rannsóknir á þessu sviði samfélagsmiðla í náms- og starfsráðgjöf er athyglisvert að sjá að notkun samfélagsmiðla meðal náms- og starfsráðgjafa hefur verið rannsóknarefni erlendis um nokkurra ára skeið. Þrátt fyrir að notkun samfélagsmiðla hafi verið rannsökuð meðal náms- og starfsráðgjafa er athyglisvert hversu lítið er verið að kanna sýn notenda á notkun samfélagsmiðla við náms- og starfsráðgjöf.

Flestar rannsóknir hafa sýnt að samfélagsmiðlar eru taldir vera árangursrík leið til þess að miðla upplýsingum á sem fljótlegastan og skilvirkastan hátt. Hægt er að ná til mismunandi einstaklinga og ólíkra hópa með því að nýta samfélagsmiðla og internetið. Í ljósi erlendra rannsókna eru margir náms- og starfsráðgjafar farnir að nýta sér samfélagsmiðla og internetið í sínum störfum, sem er nauðsynleg þróun miðla við þjóðfélagið í dag (Kettunen, 2017; Kettunen, Vuorinen, o.fl., 2015; Osborn o.fl., 2011; Osborn og LoFrisco, 2012; Vuorinen, Sampson og Kettunen, 2011).

1.6 Hvað er til á Íslandi þegar kemur að rafrænum upplýsingum um nám og störf?

Námsefni í náms- og starfsfræðslu á Íslandi er af skornum skammti. Það efni sem til er inniheldur Margt er um að velja, sem kom út á árunum 1993-1996 (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, 1994) og Stefnan sett (Helga Helgadóttir, 2011). Þetta tvennt er heildarútgáfa námsefnis frá árinu 1990, ef undan er skilin vefútgáfa námsefnisins Margt er um að velja, sem sýnir að lítil áhersla er lögð á bæði náms- og starfsfræðslu í menntakerfinu og útgáfu námsefnis. Einnig má nefna að það var frumkvæði þeirra Guðbjargar og Helgu að gefa út efni í náms- og starfsfræðslu, en ekki að frumkvæði skólayfirvalda (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, munnleg heimild, viðtal, 21.nóvember 2018).

Þegar kemur að rafrænum upplýsingum hafa á síðustu árum tvær nýjar vefsíður litið dagsins ljós sem innihalda upplýsingar um nám og störf. Arnar Þorsteinsson, náms- og starfsráðgjafi er umsjónarmaður beggja vefsíðna sem eru reknar af tveimur stofnunum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur úti vefnum www.naestaskref.is og Iðan fræðslusetur heldur úti vefsíðunni www.namogstorf.is. Á þessum vefsíðum er að finna upplýsingar um nám og störf, raunfærnimat og mikið af nýsamlegum upplýsingum.

Vefsíðurnar bjóða upp á marga möguleika þegar kemur að því að efla starfsvitund fólks, einstaklingar læra um sína starfsmöguleika, hæfni og manngerð. Um leið og einstaklingurinn hefur greiðari aðgang að upplýsingum fær hann tækifæri til þess að nýta sína færni til þess að afla sér upplýsinga með þessum hætti sem og að finna sjálfur lausn á vandanum (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Ingibjörg Hanna Björnsdóttir, 2013). Upplýsingar sem finna má á vefunum tveimur gagnast bæði einstaklingum og fagmönnum á sviði náms- og starfsráðgjafar. Þarna eru upplýsingarnar í boði allan sólarhringinn, aðgengilegar og vel settar fram. Það er því athyglisvert að benda á það að mennta- og menningamálaráðuneytið kemur ekki á nokkurn hátt að þessum vefsíðum, heldur eru þær í eigu fyrirtækja sem hafa tekið að sér að auka þjónustu við ráðþega. Því mætti ef til vill huga að því hvort að mennta- og menningamálaráðuneytið þyrfti ekki að koma að þessum þáttum svo hægt væri að auka ráðgjafarþjónustu og bæta upplýsingaflæði til notenda.

1.7 Tími kominn til framkvæmda

Við lifum á svokallaðri tækniöld eða tíma fjórðu iðnbyltingarinnar, þar sem framfarir í tækni eru hraðar og samfélagið og störf fólks taka stöðugum breytingum. Íslendingar, líkt og aðrir í heiminum, nýta sér internetið til gagns og gamansog því ætti það að gefa augaleið að áreiðanlegar upplýsingar um nám og störf þurfa að vera aðgengilegar á netinu. Árið 2010 hlaut Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SÆNS) styrk Starfsmenntaráðs til að framkvæma þarfagreiningu og gera framkvæmdaráætlun um uppbyggingu á heildstæðu upplýsinga- og ráðgjafakerfi um nám og störf (Guðrún Birna Kjartansdóttir, 2012). Markmið áætlunarinnar var að kortleggja stöðuna og þróa og undirbúa samstarf á rafrænu upplýsinga- og ráðgjafakerfi um nám og störf. Með því væri skapað svæði á internetinu þar sem hægt væri að fá áreiðanlegar upplýsingar og ráðgjöf hvað varðar nám og störf. Niðurstöður þarfagreiningarinnar sýndu að þörf væri á rafrænu upplýsinga- og ráðgjafakerfi um nám og störf á Íslandi. Það er því ljóst að þarfagreiningin

og framkvæmdaráætlunin hafi haft einhverskonar áhrif með tilkomu www.naestaskref.is og www.namogstorf.is. Árið 2013 var gefin út önnur skýrsla á vegum SÆNS og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sú skýrsla fjallaði um umgjörð og uppbyggingu vefgáttar sem veitir upplýsingar og ráðgjöf um störf og nám, skrifuð af þeim Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur og Ingibjörgu Hönnu Björnsdóttur (2013). Sú skýrsla lýsti bæði uppbyggingu og umgjörð upplýsinga- og ráðgjafarvefgáttar um nám og störf, www.naestaskref.is. Á árinu 2014 færðist þróun upplýsinga- og ráðgjafarvefsins til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hefur síðan vaxið undir ritstjórn Arnar Þorsteinssonar, þar sem nú er hægt að finna hlutlausar og samræmdar upplýsingar hvað varðar nám og störf á einum stað (Arnar Þorsteinsson, 2018). Vefsíðan er vefgátt sem hefur þann tilgang að auka aðgengi fólks að hlutlausum upplýsingum varðandi nám og störf, sem og að veita stuðning í formi ráðgjafar og verða þeim hvatning í sinni starfsferilsþróun.

Hvort sem einstaklingar eru að ljúka grunnskóla, skipta um starf, fara í nám eða annað, þá hafa allir einhvern tímann á ævinni þörf á því að leita sér upplýsinga um nám og störf. Því má segja að upplýsingar á internetinu munu alltaf geta gagnast fólki á hvaða aldri eða æviskeiði sem er (Super, 1990).

Þjónusta náms- og starfsráðgjafa eru einungis aðgengileg á hefðbundnum opnunartímum hér á Íslandi. Mikilvægt er að réttur og þarfir notenda séu í fyrirrúmi og því þurfa fagaðilar að aðlaga sig að viðkomandi notenda (Guðrún Birna Kjartansdóttir, 2012). Internetið getur ekki talist vera nýtt fyrir náms- og starfsráðgjöfum en þrátt fyrir það eru samfélagsmiðlar nýjir af nálinni. Það er því ákveðin áskorun og breyting fólgin í nýtingu samfélagsmiðla fyrir náms- og starfsráðgjafa í starfi. Nú þarf að grípa tækifærið og vinna með það sem samfélagið býður upp á í dag. Samfélagsmiðlar bjóða upp á fljótlega, skilvirka og hagkvæma leið til þess að auka og bæta upplýsingaflæði og í leiðinni að styðja við starfsferilsþróun einstaklinga (Sampson o.fl., 2018).

Ný tækni og samfélagsmiðlar bjóða upp á tækifæri til þess að þróast í starfi, efla ráðgjöfina og um leið betrumbæta upplýsingaflæði hjá einstaklingum. Samfélagsmiðlar eru hentug leið til þess að auka þjónustu náms- og starfsráðgjafa (Hooley o.fl., 2010).

1.8 Rannsóknarspurningar

Náms- og starfsfræðsla hefur verið þó nokkuð rannsökuð hér á Íslandi og þá aðallega árangur af náms- og starfsfræðslu, sem og það hvort verið er að sinna náms- og starfsfræðslu. Eins og fram hefur komið eru flestir nemendur ekki að fá markvissa náms- og starfsfræðslu í grunn- eða framhaldsskólum landsins, þrátt fyrir að rannsóknir hafi sýnt að þeir nemendur sem hljóta náms- og starfsfræðslu séu betur að sér í ákvarðanatöku varðandi nám og störf (Guðbjörg Vilhjálmstöttir, 2004). Nýting samfélagsmiðla í náms- og starfsráðgjöf er tiltölulega ný af nálinni og hafa samfélagsmiðlar verið notaðir víða í náms- og starfsráðgjöf en þó ekki á Íslandi. Nýting samfélagsmiðla á náms- og starfsráðgjöf á Íslandi hefur aldrei verið skoðuð, þrátt fyrir að rannsóknir hafi sýnt að samfélagsmiðlar séu að skila árangri í náms- og starfsráðgjöf. Mikilvægt er að fá innsýn í reynslu einstaklinga sem bæði eru að þiggja fræðslu eða þjónstu sem og að vera notendur samfélagsmiðla. Eiginlegar rannsóknaraðferðir hafa þann kost að hægt er að fá fram reynslu einstaklinga og hvaða merkingu þeir leggja í aðstæður sínar (Hennink, Hutter og Bailey, 2011). Því var lögð áhersla á að fá innsýn inn í reynslu einstaklinga, sem og að fá þeirra sýn á það að nýta samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu. Ég tel að niðurstöðurnar geti sýnt fram á að það þurfi að bæta náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur og að notkun samfélagsmiðla sé ein leið til þess. Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru því settar fram:

1. Hvernig er upplifun nemenda af náms- og starfsfræðslu?,
2. Hvernig er reynsla nemenda af því að nýta sér samfélagsmiðla við upplýsingaöflun varðandi nám og störf?
3. Hvernig er sýn nemenda á það að náms- og starfsráðgjafar nýti sér samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu?
4. Að mati nemenda, hvernig væri hentugast að nýta samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu?

2 Aðferð

Við rannsóknina voru notaðar eiginindlegar rannsóknaraðferðir (e. *qualitative research*).

Eiginleg rannsóknaraðferð byggir á kenningu og hugmyndum fyrirbærafræði (e. *phenomenology approach*), þar sem lögð er áhersla á að fá innsýn og skilning fólks á aðstæðum og athöfnum. Tilgangur með eiginlegri aðferðafræði er að skoða reynslu fólks, upplifun þeirra og hvaða skilning þeirra leggja í sinn félagslega veruleika með eigin orðum (Creswell, 2013). Eiginlega rannsóknaraðferðin nýtist því í þessari rannsókn við að fá fram upplifun og reynslu nemenda af náms- og starfsfræðslu með þeirra orðum, sem og að fá fram sýn þeirra á nýtingu samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu. Það hvernig notendur sjá hlutina og hver þeirra saga sé er það sem skiptir máli við gerð rannsóknarinnar. Í rannsókninni var notast við hálfstöðluð viðtöl (e. *semi-structured interview*), þar sem tilgangurinn var að fá fram reynslu einstaklinga og þeirra persónulegu upplifun á ákveðnu efni en á sama tíma hefur viðmælandinn svigrúm til þess að tjá sig um aðra þætti (Hennink o.fl., 2011). Þegar hálfstöðluð viðtöl eru notuð er stuðst við afmarkaðar spurningar en á sama tíma er viðmælendum gefinn kostur á að tjá sig á frjálsum hátt og koma sínum skoðunum á framfæri.

2.1 Þátttakendur

Við gerð rannsóknarinnar voru sex hálfopin einstaklingsviðtöl tekin við nemendur sem voru á lokaári í framhaldsskóla. Við leit á þátttakendum fyrir rannsóknina var notað hentugleikaúrtak (e. *convenience sample*) þar sem þátttakendur voru valdnir vegna þess að auðvelt var að nálgast þá og hentuðu þeir vel í rannsóknina. Þátttakendur rannsóknarinnar voru samtals sex talsins og áttu þeir það allir sameiginlegt að vera 18 og 19 ára nemendur á lokaári í framhaldsskóla. Helmingur þátttakenda kom utan af landi og hinir þrír voru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Til þess að gæta nafnleyndar og trúnaðar var öllum þátttakendum hér að neðan gefin gervinöfn sem valin voru af handahófi með tillit til kyns hvers og eins. Gert verður hér með suttlega grein fyrir hverjum og einum þátttakanda.

Díana Hauksdóttir er 18 ára stelpa og nemandi á lokaári í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Díana stefnir á að fara í læknainntökupróf að loknu framhaldsskólanámi.

Kristín Sigurgeirsdóttir er 19 ára stelpa, búsett á höfuðborgarsvæðinu og er á lokaári sínu í menntaskóla. Kristín stefnir einnig á að fara í læknainntökuþróf að loknum menntaskóla.

Marta Ásmundsdóttir er 19 ára stelpa, búsett á landsbyggðinni og er á lokaárinu sínu í framhaldsskóla. Marta stefnir á að fara til Bandaríkjanna í háskólanám og spila fótbolta að loknum framhaldsskóla.

Guðrún Erlendsdóttir er 18 ára stelpa, búsett á landsbyggðinni og er á lokaárinu sínu í menntaskóla. Guðrún stefnir á að taka sér hlé frá námi að loknum menntaskóla.

Haukur Tómasson er 18 ára strákur, búsettur á landsbyggðinni og er á lokaárinu sínu í framhaldsskóla. Haukur stefnir á að fara í dýralæknánám erlendis á næstu árum.

Birna Björnsdóttir er 18 ára stelpa, búsett á höfuðborgarsvæðinu. Birna bjó á landsbyggðinni öll sín grunnskóla ár sem og fyrsta árið í grunnskóla. Hún flutti á höfuðborgarsvæðið eftir fyrsta árið í framhaldsskóla og er á nú á lokaárinu sínu í framhaldsskóla. Birna stefnir á að fara til Bandaríkjanna í háskólanám og spila fótbolta að loknum framhaldsskóla.

2.2 Framkvæmd

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst í maímánuði 2018 og lauk í janúar 2019. Framkvæmd rannsóknarinnar fór af stað haustið 2018 þegar hafist var handa við að taka viðtölin. Þar sem verið var að vinna með samfélagsmiðla í rannsókninni var ákveðið að hafa samband við þátttakendur í gegnum samfélagsmiðla. Haft var samband við alla í gegnum *Facebook* eftir að hafa fengið ábendingu um að þeir vildu taka þátt í rannsókninni. Rannsakandi fékk upplýsingar um fullt nafn þátttakenda sem gerði honum kleift að hafa uppi á þeim á *Facebook*. Þátttakendum voru send skilaboð í gegnum samfélagsmiðlinn, þar sem fram kom tilgangur rannsóknarinnar og hvort að viðkomandi vildi taka þátt í henni. Ef viðkomandi samþykkti boð til að taka þátt í rannsókninni var staður og tími fyrir viðtal ákveðinn sem hentaði bæði viðmælanda og rannsakanda. Í samtalinu fengu þátttakendur upplýsingar um að trúnaðar og nafnleyndar yrði gætt við framkvæmd rannsóknarinnar.

Gagnasöfnun fór fram með viðtölum í október og nóvember 2018. Viðtölin voru frá 17 mínútum upp í 52 mínútur. Viðtölin fóru ýmist fram á skrifstofu í húsnæði þar sem

bæði viðmælandi og þátttakandi þekkti til, heimili viðmælanda eða á heimili rannsakanda. Í upphafi hvers viðtals var gengið úr skugga um að viðmælandi væri vel upplýstur um hver tilgangur rannsóknarinnar væri og um meðferð gagna að rannsókn lokinni. Allir þátttakendur voru upplýstir um trúnað og nafnleynd með trúnaraðarbréfi sem þeim var boðið að skrifa undir, sem allir þátttakendur gerðu (sjá fylgiskjal 1). Þátttakendum var bent á að þeir mættu hættu þátttöku hvenær sem þeir vildu og þyrftu einungis að svara því sem þeir vildu svara. Að lokum, áður en viðtalið sjálf hófst, var fengið leyfi hjá viðmælandum til þess að hljóðrita samtalið á snjallsíma rannsakanda.

Við framkvæmd viðtalanna studdist rannsakandi við viðtalsramma (sjá fylgiskjal 2) sem innihélt atriði sem byggð voru á rannsóknarspurningum rannsóknarinnar. Viðtalsraminn tók lítillægum breytingum á meðan að gagnasöfnun stóð, en ástæða fyrir því var sú að rannsakandi komst að því hvernig hægt væri að bæta og breyta honum eftir viðtöl til að fá sem ítarlegustu upplýsingar frá viðmælanda. Í upphafi hvers viðtals var spurt um bakgrunnsupplýsingar, svo sem aldur, búsetu og framhaldsskóla. Því næst var farið yfir upplifun þeirra og reynslu af náms- og starfsráðgjöf, sem og náms- og starfsfræðslu, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Að lokum voru viðmælandur spurðir út í samfélagsmiðla og hvernig notkun þeirra væri háttað hjá þeim, sem og hvernig þeir telja að hægt sé að nýta þá við náms- og starfsfræðslu.

2.3 Úrvinnsla gagna

Viðtölin sex voru öll tekin upp á snjallsíma með forritinu Voice Memos, þar sem einungis er hljóðupptaka í boði. Viðtölin voru tekin í október og nóvember. Að hverju viðtali loknu voru skrifaðar niður ígrundanir og hugleiðingar um framkvæmd og gengi viðtalsins. Viðtölin voru síðan afrituð orðrétt inn í tölvu, yfirleitt samdægurs eða deginum eftir að viðtalið fór fram. Mislangan tíma tók að afrita viðtölin. Á meðan að afritun stóð voru athugasemdir rannsakanda (AR) skráðar inn í viðtalið. Því næst voru viðtölin kóðuð, sem og greind og var þar stuðst við nálgun grundaðrar kenningar (e. *grounded theory*), þar sem lögð er áhersla á skipulögð vinnubrögð þar sem greining gagna fer fram samhliða gagnaöfluninni (Charmaz, 2014; Hennink o.fl., 2011). Þessi aðferð þótti henta vel við úrvinnslu upplýsinga sem fengust við gagnasöfnunina vegna kerfisbundinna reglna og greiningu gagna.

Samkvæmt Kathy Charmaz (2014) hefst greiningarferlið á að skilgreina gögnin og að rannsakandinn fái tilfinningu fyrir innihaldi þeirra. Sú vinnuaðferð sem notuð er í grundaðri kenningu er kóðun (e. *coding*). Þá eru gögnin merkt á ákveðinn hátt sem sýnir hvað þau fjalla um. Kóðunin skiptir gögnunum niður og gerir rannsakandanum kleift að bera þau saman við aðra þætti gagnanna. Með þessari aðferð er stöðugt verið að bera saman gögnin (e. *constant comparative method*) (Charmaz, 2014; Creswell, 2013). Samkvæmt aðferð hennar felur ferlið í sér þrjú stig við greiningu gagnanna. Fyrsta stigið er opin kóðun (e. *initial coding*), þar sem hvert viðtal eða gögnin eru lesin ítarlega og leitað er eftir kóðunarflokkum. Annað stigið er markviss kóðun (e. *focused coding*), þar sem gögnin eru lesin út frá einum kóðunarflokki og leitað er eftir ákveðnum þáttum í gögnunum sem hægt er að tengja saman í ákveðið þema. Þá ætti rannsakandanum að verða ljóst hvaða þemu koma í ljós út frá gögnunum, það er að segja hver séu meginþemu og undirþemu. Við gagnagreiningu var gengið út frá þessum tveimur stigum grundaðrar kenningar. Unnið var þannig að eftir hvert viðtal var hafist handa við að greina gögnin og kóða þau áður en frekari gagna væri aflað. Á sama tíma og gögnin voru kóðuð skrifaði rannsakandi greiningarblöð (e. *memos*) sem aðstoðaði rannsakandann við greiningu gagnanna. Þegar fleiri gagna var aflað var því farið að bera saman viðtölin og greining þeirra borin saman við greiningu fyrri viðtala (Charmaz, 2014). Við úrvinnslu gagna var ekki farið í þriðja stig grundaðrar kenningar. Ekki var farið lengra þar sem markmið rannsóknarinnar var ekki að ígrunda kenningarlega útskýringu. Að lokinni greiningu ganga var öllum gögnum, minnisblöðum og hljóðupptökum eytt.

2.4 Siðferðileg álitamál

Ýmis vandamál geta komið upp á meðan að rannsókn stendur. Rannsakandi þarf að vera vel vakandi fyrir þeim siðferðislegu skyldum sem hann þarf að hafa, bæði gangvart rannsókninni og viðmælendum sínum. Mikilvægt hlutverk rannsakandi er að upplýsa viðmælendur sína um framkvæmd rannsóknarinnar og meðferð gagna að viðtali loknu. Einnig þarf rannsakandi að sýna viðmælendum sínum trúnað og gera þeim grein fyrir því að það eru þeir sem ráða ferðinni (Hennink o.fl., 2011). Í þessari rannsókn var ekki talið að verið væri að vinna með viðkvæman hóp viðmælenda, eldri en 18 ára, né verið sé að afla upplýsinga sem teljast vera viðkvæmar. Því er talið að rannsakandinn standi ekki

frammi fyrir ákveðnum siðferðilegum álitamálum að undanskyldu því að standa við sín loforð og gæta þess að rétt sé farið með þau gögn sem aflað var.

3 Niðurstöður

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna upplifun og reynslu þátttakenda af náms- og starfsfræðslu og að kanna viðhorf þeirra til notkunar samfélagsmiðla sem upplýsingaveitu um nám og störf. Niðurstöðunum verður skipt í tvo meginkafla sem byggja á þeim þemum sem komu áberandi í ljós í viðtölunum sex. Fyrri meginkaflinn er Náms- og starfsfræðsla, þar sem fjallað verður um vettvangsheimsóknir, námskynningar og skort á náms- og starfsfræðslu. Seinni meginkaflinn er Samfélagsmiðlanotkun, þar sem fjallað verður um daglega notkun samfélagsmiðla, nýtingu samfélagsmiðla til þess að afla upplýsinga og sýn viðmælenda á nýtingu samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu.

3.1 Náms- og starfsfræðsla

Þegar viðmælendur voru spurðir út í upplifun sína og reynslu af náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskóla komu eftirfarandi þemu fram: vettvangsheimsóknir, námskynningar og skortur á náms- og starfsfræðslu.

3.1.1 Vettvangsheimsóknir - „Við áttum bara að finna einhvern stað sem okkur fannst áhugaverður...“

Viðmælendur höfðu flestir sömu sögu að segja hvað varðar reynslu þeirra af náms- og starfsfræðslu. Þegar þeir voru spurðir út í náms- og starfsfræðslu svöruðu allir viðmælendur nema einn að þeir hefðu farið í vettvangsheimsóknir eða starfskynningar þegar þeir sögðust hafa fengið náms- og starfsfræðslu í grunnskóla. Að sögn viðmælenda voru allar vettvangsheimsóknirnar á skólatíma í 10. bekk og nefndu þeir einnig að þær hafi alla jafna verið skipulagðar í umsjónartíma eða lífsleikni. Guðrún talaði um að þau hafi fengið eitt verkefni „líklegast í lífsleikni“ þar sem þau áttu að hafa samband við vinnustað og óska sjálf eftir að fá að koma í heimsókn til þeirra. Út frá frásögn hennar má túlka að engin fræðsla hafi verið í sambandi við það hvernig væri æskilegt væri að vali þeirra yrði háttáð svo þau gætu fengið sem mest út úr vettvangsheimsókninni. Sömu sögu má segja af Hauki og hvernig vettvangsheimsóknum hjá honum var háttáð. Hann hafi sjálfur haft samband við vinnustað sem hann vildi fara á:

Við áttum bara að finna einhvern stað sem okkur fannst áhugaverður og áttum að senda póst hvort við mættum koma til þeirra og segja að við værum að koma frá skólanum og hvort við mættum koma að spyrja spurningu og svona.

Marta talaði um að eina náms- og starfsfræðslan sem hún hafi fengið var að fara í starfskynningar og „ekkert meira en það“. Hún segði frá því að þau hafi fengið að fara í starfskynningar í grunnskóla en af lýsingum og frásögn hennar að dæma er mögulega hægt að álykta sem svo að hún hafi ekki upplifað það sem áhugaverða reynslu. Í grunnskólanum höfðu þau val um hvert þau vildu fara og samkvæmt Mörtu fékk hún ekki að fara þangað sem hún óskaði sér. Því endaði það þannig að hún taldi sig hafa fengið „einhverja rest eða það sem eftir var“. Þegar hún var spurð út í hvernig henni fannst að hafa fengið að fara á þann stað sem hún valdi ekki má álykta sem svo að þetta hafi ekki verið áhugaverð reynsla hjá henni. Ástæðan var bæði sú að hún fékk ekki að fara þangað sem hún vildi fara og endaði að fara á vinnustað sem tók ekki vel á móti henni og hennar samnemendum, sem allar voru stelpur:

Það var ekki gaman, þeir sem voru að vinna þar voru líka alveg svona frekar fyrir vonbrigðum að fá stelpur þangað því það voru bara strákar að vinna þarna eiginlega. Það var alltaf eitthvað svona bara verið að segja að við værum stelpur og eitthvað, að það væru engir strákar og svona.

Díana og Kristín eru báðar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og af þeirra upplifun að dæma virðast vettvangsheimsóknirnar hafa gagnast þeim vel eða líkt og Díana sagði: „Þetta var alveg mjög flott sko að gera þetta“ eða með orðum Kristínar „mjög næs sko“. Báðar töluðu þær um að þær hafi fengið val á hvaða staði þær vildu fara út frá lista með stöðum sem náms- og starfsráðgjafinn var með og fengu þær að fara á tvo til þrjá mismunandi staði í starfskynningar. Báðar fengu þær að velja út frá áhugasviði sínu og miða við frásögn þeirra mætti draga þá ályktun að upplifun þeirra hafi verið jákvæð og áhugaverð. Að fá kynningu á starfseminni og hvað fer fram á vinnustaðnum, sérstaklega að fá að kynnast honum hafi verið mjög skemmtilegt. Kristín sagðist hafa geta valið stað út frá áhugasviði sínu því hún hafi verið ákveðin í því að stefna á að fara í læknánám í háskóla og hafi því vitað í grunnskóla hvað hún vildi verða þegar hún yrði stór. Því var reynsla hennar af vettvangsheimsóknnum góð og gagnleg að hennar sögn:

Þú veist þá völdu allir mjög mikið svona það sem þeir ætluðu að gera. Ég valdi slökkviliðið og dýralækni, þú veist útaf ég ætla í lækninn skilur þú þá gat maður svona, af því að maður fékk að velja alveg af mörgu þú veist. Þannig að það var alveg mjög flott skilur þú að gera það, þannig að maður gæti svona séð svolítið. Fór bara í heilan dag og var í starfi bara og það var alveg mjög næs sko.

Það virtist vera misjafnt hvernig viðmælendur upplifðu vettvangsheimsóknirnar, það er að segja hvort upplifunin hafi verið jákvæð eða neikvæð, og hvort þeim fannst þær vera gagnlegar. Einn viðmælendanna hafði ekki farið í vettvangsheimsóknir en þrjár af fimm viðmælendum sem fengu starfskynningar fengu að velja út frá áhuga og hafi því fundist það gagnlegt. Hinir tveir viðmælendurnir fengu að fara á staði sem þeim fannst lítið áhugaverðir og því mátti túlka það sem svo að reynsla þeirra hafi verið lítið skemmtileg. Það virðist vera sem svo að munur sé á milli viðmælenda sem búsettir voru á landsbyggðinni og þeirra sem voru á höfuðborgarsvæðinu. Betur virðist vera hugað að þessu hjá þeim nemendum sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu, meira úrval og þeir fá að fara á fleiri staði í vettvangsheimsóknir. Einn nemandi sem búsettur var á landsbyggðinni sagðist ekki hafa fengið að fara í neinar vettvangsheimsóknir eða starfskynningar. Þrátt fyrir að hennar árgangur hafi ekki fengið að fara að virðist sem að aðrir árgangar í skólanum hafi fengið að fara í vettvangsheimsóknir:

Ég fór ekki í neinar vettvangsheimsóknir, en ég man að það fóru alveg spes bekkir. Eins og það væru einhverjir spes bekkir. Eins og krakkar einu ári eldri en ég fékk að fara í bakarí og voru að fylgjast með þar. Tveir og tveir saman. En ekki við eða minn árgangur.

3.1.2 Námskynningar - „Ekkert eitthvað mikið, bara svona létt“

Einn af þeim þáttum sem viðmælendur nefndu sem hluti af náms- og starfsfræðslunni voru námskynningar. Þegar viðmælendur voru spurðir hvernig framhaldsskólakynningu og undirbúning fyrir framhaldsskóla hafi verið háttað kom í ljós að lítil fræðsla hafði átt sér stað. Allir viðmælendur höfðu þó fengið kynningu á mismunandi framhaldsskólum og hvað væri í boði. Miðað við frásögn Hauks, Guðrúnar, Birnu og Mörtu voru þær framhaldsskólakynningar sem þau fengu ekki miklar, heldur aðallega til þess að sýna og kynna fyrir þeim skólana. Þau sögðust hafa farið í heimsóknir inn í framhaldsskólana, bæði með foreldrum og á skólatíma. Díana og Kristín voru báðar í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og aðspurðar um undirbúning fyrir framhaldsskólanám sögðust þær hafa fengið „eitthvað um framhaldsskólana“. Þær hafi þá fengið fyrirlestur í til dæmis í lífsleikni varðandi framhaldsskólalag og að lögð hafi verið áhersla á að þau myndu velja út frá þeim sjálfum og hvað hentaði þeim best.

Þeir nemendur sem búsettir voru á landsbyggðinni sögðust hafa farið í framhaldsskólana á skólatíma með kennara en lítið annað hefði verið gert. Þau hafi fengið

að skoða skólana, fengið kynningu frá brautarstjórum skólanna og „ekkert eitthvað mikið, bara svona létt“. Guðrún sagðist hafa munað eftir því að hún fór bæði í framhaldsskólaferðir með grunnskólanum og sótti fund með foreldrum sínum þar sem verið var að kynna skólann, þá utan skólatíma.

Miðað við frásagnir viðmælenda virðist vera misjafnt hvernig framhaldsskólakynningum er háttað eftir því hvar á landinu þær eru. Díana og Kristín voru báðar búsettir á höfuðborgarsvæðinu og sögðu þær að í sínum grunnskóla hafi kennarinn látið þær fá dagsetningar með öllum opnum húsum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Náms- og starfsfráðgjafinn hélt utan um að allir kynntu sér framhaldsskólanám. Díana sagði að þegar nær dró framhaldsskóla hafi bekkurinn hennar fengið „bara fyrirlestur“ og ráðgjöf „um að velja þá skóla sem að henta okkur sjálfum en þú veist þetta var bara allt svona opið þú veist bara bekkurinn saman og svoleiðis og bara fyrirlestur og þannig skilurðu“.

Athyglisvert er að þrátt fyrir að allir viðmælendur væru á lokaárinu sínu í framhaldsskóla voru einungis þrír viðmælendur sem greindu frá því að hafa fengið kynningu á háskólanámi. Það voru þeir viðmælendur sem búsettir voru á landsbygðinni og höfðu fengið kynningu frá nálægum háskóla. Þeir greindu jafnframt frá því að kynningin á skólanum hafi verið „ekkert mikið, bara kynning“. Þrátt fyrir að hafa ekki fengið frekari skýringar á kynningunni má áætla út frá því sem þeir sögðu að ekki hafi þetta verið ítarleg kynning hvað varðar það nám sem er í boði í háskólanum. Einnig var athyglisvert það sem Guðrún hafði að segja varðandi kynningar á háskólanámi og fræðslu því tengdu „ég myndi ekki vita hvernig ég ætti að sækja um háskóla.. við fórum í háskólann á Akureyri um daginn en annars er ekkert búið að svona.. fræðsla“.

Þeir viðmælendur sem voru í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu sögðu að það væri líklegt að kynning á háskólum færi fram á næstunni, þegar nær dregur háskólanámi. Það sem hafði verið í boði á þessari önn í skólanum hafi verið kynningar frá til dæmis ferðaskrifstofunni Kilroy, sem býður upp á háskólanám erlendis. Þrátt fyrir að það hafi verið í boði var ekki skyldumæting og sagði Birna að ef nemendur væru í fríi í skólanum væru þeir ekki að „nenna að mæta“ á það líkt og hún mætti ekki því hún hafi sjálf verið í fríi þann dag sem kynningin var haldin.

Marta, sem var í framhaldsskóla á landsbyggðinni, sagði að á næstu önn myndu þau fá frekari kynningu á háskólunum. Því er þá þannig háttað að háskólarnir koma í framhaldsskólana með kynningu í sal, sem og að þau fara til Reykjavíkur í „háskólaferð“. Þegar hún var spurð að því hvernig háskólaferðinni væri háttað sagði hún að það væri „verið að kynna námið sitt og allt það en það er ekkert svona meira, eða þú veist kannski ekkert svona fyrir þá sem vita ekkert hvert þeir vilja fara, eitthvað sem hjálpar þeim að ákveða“.

3.1.3 Skortur á náms- og starfsfræðslu - „Ég veit ekkert hvað það er en örugglega einhver fræðsla um nám og störf“

Flestir viðmælendur áttu í erfiðleikum með að svara spurningunni um það hvort þeir vissu hvað náms- og starfsfræðsla væri því fátt var um svör. Það virðist vera áberandi þekkingarleysi hjá nemendum hvað varðar náms- og starfsfræðslu, líkt og hægt er að vitna í orð Guðrúnar: „Ég veit ekkert hvað það er en örugglega einhver fræðsla um nám og störf“. Þrátt fyrir að viðmælendur hafi ekki getað útskýrt hvað náms- og starfsfræðsla væri töldu allir viðmælendur nema einn sig hafa fengið einhverskonar náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskóla.

Í bæði grunn- og framhaldsskóla gáfu flestir viðmælendur til kynna að skortur hafi verið á náms- og starfsfræðslu. Þegar viðmælendur voru spurðir út í hvernig náms- og starfsfræðslu þeir hafi fengið var áberandi að hún hafi nú ekki verið mjög eftirminnileg en flestir nefndu þeir vettvangsheimsóknir, framhaldsskólakynningar eða háskólakynningar. Miðað við frásögn viðmælenda var hægt að skynja það að þeim fannst þau hafa fengið litla fræðslu varðandi nám og störf, því yfirleitt enduðu setningar þeirra á „annars ekkert meira“ eða „lítið annað sko“. Viðmælendur áttu auðveldara með að segja frá fræðslu í grunnskóla heldur en í framhaldsskóla. Þegar þau voru spurð út í hvort þau hafi fengið einhverja náms- og starfsfræðslu í framhaldsskóla var ekki mikið til að segja frá þar sem þau sögðust varla hafa fengið náms- og starfsfræðslu í framhaldsskóla, eða líkt og Haukur sagði var lítil fræðsla þó þeim hafi inn á milli verið sagt eitthvað um nám í framhaldi af grunnskóla. Eins og hann orðaði það að þá „var alltaf sagt að til að komast í háskóla þarftu að klára stúdentspróf, en lítið annað“.

Guðrún var nemandi í menntaskóla á landsbyggðinni og nefndi hún að þau höfðu fengið nýnemafræðslu á fyrstu dögum sínum í framhaldsskóla þar sem talað var um

líðan í námi og hvernig hentugast væri að læra, skipuleggja sig og „svona“. Hvort að það falli undir náms- og starfsfræðslu er líklegast hægt að deila um . Þetta sýnir ef til vill að hún hafi ekki vitað hvort að þetta falli undir náms- og starfsfræðslu . Þessi þáttur fellur hinsvegar undir námstækni sem náms- og starfsráðgjafar sjá oft um í skólum.

Allir viðmælendur voru sammála um það að þeir hefðu viljað fá meiri náms- og starfsfræðslu, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Aðspurðir hvort að þeir hefðu viljað hafa náms- og starfsfræðsluna öðruvísi voru þau öll á sama máli hvað það varðar. Þau hefðu viljað hafa meiri og ítarlegri náms- og starfsfræðslu um hvað stendur þeim til boða þegar kemur að námi og starfi. Til að mynda nefndi Guðrún að hún hefði viljað fá „miklu meiri fræðslu“ en raunin var og að þetta hafi einungis verið „eitthvað smá í lífsleikni bara“. Líkt og allir viðmælendur greindu frá sem höfðu fengið náms- og starfsfræðslu hafi þetta „komið eitthvað smá inn í“ lífsleikni eða umsjónartíma hjá þeim. Kristín sagðist hafa viljað fá fræðslu samhliða vettvangsheimsóknum. Það eina sem stóð þeim til boða var að fara í vettvangsheimsóknir að skoða vinnustaðinn, en hún hefði viljað fá meira. Guðrún og Marta voru búsettir á landsbygðinni og báðar nefndu þær að þær hefðu viljað að fleiri framhaldsskólar hefðu verið kynntir fyrir þeim. Það er að segja að ekki einungis þeir framhaldsskólar sem voru í nágrenninu heldur einnig skólar á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Guðrún talaði um að hún vildi heyra meira um námið sem væri í boði á Reykjavíkursvæðinu:

Í grunnskóla hefði ég viljað fá meiri fræðslu um Reykjavíkurskólana og svo í framhaldsskóla væri ég til í meiri fræðslu um háskóla og þá ekki bara háskólabýgginguna heldur bara nám, svona hvað maður getur farið í ef maður hefur áhuga á þessu.

Marta tók í sama streng og vildi að þau hefðu fengið meiri fræðslu um það sem var í boði fyrir utan heimabæ sinn. Til að mynda sagði hún frá því að ef Reykjavík var nefnd var það eina sem var talað um að það væri engin heimavist fyrir þau og þau hafi verið spurð að því „hvar ætlar þú að búa þá“. Marta nefndi einnig að betur hefði mátt skipuleggja vettvangsheimsóknirnar svo þær gætu nýst nemendum. Líkt og áður hefur verið nefnt talaði hún um að hafa ekki fengið að fara á þann stað sem hún óskaði eftir að fara á. Þrátt fyrir það er það ekki það sem hún var óánægðst með, heldur frekar það að nemendum var ekki gefið tækifæri til þess að heimasækja fleiri staði og fá að minnsta kosti einn stað út frá áhugasviði sínu svo þetta hafi áhrif á nemendurna:

Ef þú færð að fara á stað sem þú hefur áhuga á þá getur þetta verið að skila einhverju en ég held að þetta geri ekki mikið ef þú ferð bara eitthvert sem þú hefur ekki áhuga á. Hafa þetta þannig að þú gast allveganna farið á fleiri en einn stað og þú hefðir þá fengið eitthvað sem að þér hefði litist á. Og líka eitthvað þó þú hafir ekki áhuga á.

Þegar Kristín var spurð að því hvort og hvernig hún hefði viljað að staðið hefði verið betur að náms- og starfsfræðslu vildi hún fá meiri fræðslu. Henni fannst hún þurfi að leita alltof mikið af upplýsingum sjálf varðandi næstu skref eftir grunnskóla og framhaldsskóla. Hún hefði viljað að fleiri fundi og annað sem hægt væri að sækja til þess að fá meiri fræðslu svo nemendur gætu verið betur undirbúnir fyrir næstu skref. Guðrún talaði einnig um að hún væri til í að fá meiri fræðslu í framhaldsskóla. Þar sem hún væri óákveðin varðandi námsval í framtíðinni taldi hún að það myndi gagnast henni að fá fræðslu um hvaða nám sé í boði út frá hennar áhugasviði:

Eins og núna þá væri ég ekkert á móti því að fá fræðslu um hvað ég gæti farið í, af því að mér finnst eins og tengt heilbrigðis að þá finnst mér allir hugsa um lækna en það er svo margt annað sem er í boði sem maður veit ekki af.

Kristín talaði einnig um að þótt hún taldi sig hafa verið „heppna“ að hafa fengið nokkra fyrirlestra og fengið að fara í vettvangsheimsóknir að þá finnst henni að það megi vera meiri fræðsla. Af hennar frásögn að dæma er hægt að túlka það sem svo að Kristín gerði sér grein fyrir því að skortur væri á náms- og starfsfræðslu í okkar samfélagi. Hún virtist átta sig á því að það fá ekki allir nemendur náms- og starfsfræðslu í grunnskólum. Út frá upplifun sinni af vettvangsheimsóknunum hefði hún verið til í að fá meiri fræðslu. Hún talaði um að hún hafi heyrt öðruvísi skoðanir og frásagnir frá þeim aðilum sem voru menntaðir og að vinna á staðnum sem hún fór í heimsókn á. Bæði fræðsla sem tengist vettvangsheimsóknunum og að fá að heyra frá „öðrum menntuðum mönnum“ en ekki bara frá kennara eða námsráðgjafa skólans.

Líkt og Mörtu fannst hefði hún viljað fá meiri fræðslu varðandi framhaldsskóla og um val á námsbraut í framhaldsskóla. Mörtu fannst vanta fræðslu um hvað væri í boði í framhaldsskólum og hvað þurfi að hafa í huga til þess að undirbúa sig sem best fyrir háskóla ef maður vill fara þangað:

Mér finnst að þeir hefðu mátt fræða mann betur. Maður heyrði bara alltaf þetta tvennt raungreina og félagsfræði og síðan svona fékkst ekkert meir eða skilurðu. Eins og ég hafði ekki hugmynd um að ferðamálafræði væri bara kennd á félagsfræði eða eitthvað álíka skiluru því maður þarf það ef maður ætlar að fara lengra. En mér finnst að grunnskólinn hefði mátt kannski

undirbúa mann aðeins betur. Segja manni aðeins meira frá, því ég man þegar ég var í tíunda bekk að þá var þetta bókstaflega bara að... sagt við mann að já ef þú ferð á félagsfræði þá ertu bara að fara að skrifa ritgerðir og ef þú ert á raungreina þá ertu bara í stærðfræði, þetta var bókstaflega svona sko.

Hún talar út frá reynslu því sjálf lenti hún í því að hefja nám á raungreinabraut í framhaldsskóla þrátt fyrir það að hún hafði áhuga á að læra ferðamálafræði í framtíðinni. Eftir þrjár annir í framhaldsskóla komst hún að því að ferðamálafræði væri kennd á félagsfræðibraut og skipti um braut til þess að geta undirbúið sig fyrir háskólanám:

Ég fór fyrst á raungreinasvið sko. Ég byrjaði þar og var þar í þrjár annir, en síðan sá ég að það var kennd ferðamálafræði á félagsfræðibraut og það var ekki hægt að velja það nema að vera á félagsfræðibrautinni svo að ég skipti um braut.

Haukur talaði um að hann hefði viljað fá náms- og starfsfræðslu fyrr á sinni grunnskólagöngu. Til dæmis nefndi hann að hann hefði viljað fá upplýsingar um framhaldsskóla fyrr, sem og undirbúning fyrir hann. Hauki finnst vera of seint að fá kynningu og fræðslu á framhaldsskólum í 10. bekk og finnst að það mætti byrja að fræða í 8. og 9. bekk í grunnskóla „þannig að krakkar gætu verið að undirbúa sig meira“. Í framhaldi af því talar hann um hvað honum findist mikilvægt að fá náms- og starfsfræðslu yfir höfuð. Að „krakkar“ viti hvað þeir eru að fara út í og geti undirbúið sig fyrir næstu skref ísínnum námsferli.

Þegar dregnar eru saman helstu niðurstöður úr Náms- og starfsfræðslu mátti heyra á frásögn viðmælenda að þau höfðu ekki fengið neina markvissa náms- og starfsfræðslu í grunn- eða framhaldsskóla. Öll voru þau óviss með hvað náms- og starfsfræðsla væri nákvæmlega en sú fræðsla sem þau töldu sig hafa fengið einkenndist af vettvangsheimsóknnum og námskynningum. Flestum viðmælendum fannst hafa verið skortur á náms- og starfsfræðslu og töldu að hægt hafi verið að haga þessu öðruvísi, þá fá meiri fræðslu innan veggja skólans. Öll gátu þau sagt frá einhverskonar náms- og starfsfræðslu þrátt fyrir að hún virðist ekki hafa verið mikil að þeirra sögn. Gagnrýni á innihaldi og aðferðum við náms- og starfsfræðslu kom fram í máli viðmælenda og að það leiðir hugann að næstu rannsóknarspurningu um hvort þau nýti sér samfélagsmiðla í upplýsingaöflun.

3.2 Samfélagsmiðlanotkun

Þegar viðmælendur voru spurðir út í samfélagsmiðlanotkun sína var augljóst að samfélagsmiðlar væri í daglegri notkun hjá viðmælendum og því má skipta því niður í undirþemun dagleg notkun, upplýsingamiðlun og sýn nemenda á notkun samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu.

3.2.1 Dagleg notkun - „Eiginlega mjög stór partur af lífinu er að nota samfélagsmiðla“

Það lék enginn vafi um það að allir viðmælendurnir væru virkir notendur á samfélagsmiðlum. Þeir höfðu notað samfélagsmiðla frá tíu ára aldri og muna þau varla eftir því hvernig það var að vera ekki á samfélagsmiðlum. Allir viðmælendur greindu frá því að þeir noti samfélagsmiðla daglega, allt frá klukkustund upp í fjórar klukkustundir á dag. Það var augljóst að notkun á samfélagsmiðlum hjá öllum viðmælendum var orðin partur af daglegu lífi og að „mjög stór partur af lífinu er að nota samfélagsmiðla“. Ástæðan fyrir notkun samfélagsmiðla hjá þeim væri sú að það væri auðveldara, tala við fólk og fylgjast með lífi annarra.

Viðmælendur voru beðnir um að útskýra hvað samfélagsmiðlar væru í þeirra augum. Öll voru þau á svipuðu máli hvað það varðar, að þetta væri í raun og veru vettvangur til þess að hafa samskipti eða fá upplýsingar og að „deila lífi sínu.“ Samfélagsmiðlar væru fyrst og fremst upplýsinga- og samskiptamiðill, en hægt væri að nota þá á mismunandi vegu líkt og Haukur sagði:

Samfélagsmiðlar geta verið bæði gagnlegir og svo ákveðin tímasóun í leiðinni. Það er til dæmis hægt að nota þá [samfélagsmiðla] á svo marga vegu, eins og bara með skóla að þú getur fengið upplýsingar og fólk getur verið að deila með þér upplýsingum ef þú mætir ekki í skólann og svona.

Þegar viðmælendur voru beðnir um að segja frá því hvaða samfélagsmiðla þeir væru helst að nota komu sömu svör hjá öllum viðmælendum. Allir sögðu þeir að það væru helst fjórir miðlar sem þeir væru að nota daglega og þeir væru *Facebook*, *Instagram*, *Snapchat* og *Twitter*. Samkvæmt þeirra orðum virðist sem að *Instagram* sé helsti samfélagsmiðillinn í dag hjá þeirra aldurshópi. *Facebook* fer minnkandi á meðan að *Instagram* er „komið miklu meira inn“.

Allir viðmælendur nýta sér samfélagsmiðla til þess að hafa samband við vini sína. Stór þáttur af samfélagsmiðlum var til þess að eiga í samskiptum við vini sína, hvort sem það

væri að skipuleggja eitthvað eða einungis til þess að spjalla. Það má því segja að ein ástæða fyrir notkun samfélagsmiðla sé að þetta sé notað sem samskiptatæki. Þegar Díana var spurð út í ástæðuna fyrir því að hún notar samfélagsmiðla var aðal ástæðan fyrir því að hún hefur samband við vini sína og er í samskiptum við þá í gegnum samfélagsmiðlana:

Aðallega bara til að tala við einhvern þú veist vinkonur mínar, þú veist alltaf þegar við ætlum að hittast eða eitthvað svoleiðis skilurðu. Maður er bara miklu meira að tala við manneskju núna í gegnum samfélagsmiðla, maður er hættur að hringja, þú veist það er bara skrítið að hringja í einhvern núna. Já þannig að maður notar þetta örugglega bara mest í það sko.

3.2.2 Upplýsingamiðlun - „Þannig að ég prófaði bara að googla hvað maður getur lært“

Viðmælendur höfðu allir orð á því að þeir myndu í flestum tilvikum nýta sér internetið eða samfélagsmiðla til þess að afla sér upplýsinga. Ef þú værir að leita að upplýsingum þá væri allt svo aðgengilegt á vefnum og auðvelt að nálgast það, eða eins og Díana orðaði það: „allt er svo aðgengilegt þarna og þú getur bara googlað hvað sem er og færð upplýsingar um leið svo að það er mjög þægilegt“. Allir viðmælendur voru sammála um það að það væri auðveldt leið að nýta sér samfélagsmiðla til þess að fá upplýsingar á sem fljótlegasta máta. Það væri þægilegt að geta farið í símann eða tölvuna til þess að finna upplýsingar ef þeim dytti í hug að kanna ákveðna hluti líkt og Díana sagði:

Allaveganna að svona minni reynslu að þá er þægilegt að geta bara farið í símann eða tölvuna og flett upp bara hverju sem er án þess að þurfa að hafa mikið fyrir því skilurðu. Bara ef mér dettur allt í einu í hug eitthvað að þæla í þessu í staðinn fyrir að þurfa að bíða kannski með þetta í einhverja daga til þess að leita til einhvers að þá þúst þó það sé vissulega gott að tala við aðra um það að þá einhvernvegin svona er auðvelt að finna allt á netinu einhvernvegin og ég held að flestir nýti sér það sko.

Kristín sagði að hún hafi í sumar verið að leita sér af upplýsingum varðandi háskólanám og hvað hún þyrfti að gera til þess að undirbúa sig fyrir það. Hún hafði áhuga á að fara í lækinn og var að stefna á að taka undirbúningsnámskeið fyrir inntökuprófið. Hún ákvað að afla sér upplýsinga til þess að vita meira um hvernig væri best að undirbúa sig. Miðað við hennar frásögn var auðveldasta leiðin að fara á internetið og leita af upplýsingum þar, því ekki var henni ljóst við hvern hún ætti að tala ef hanni vantaði aðstoð varðandi þetta: „ég vissi ekki við hvernig ég ætti þá að fara að tala við sko, þannig að ég prófaði bara að googla hvað maður getur gert, hvað er svona major að læra“.

Allir viðmælendur töluðu um hvað internetið væri aðgengilegt og að auðvelt væri að afla sér upplýsinga á þann máta, annað hvort í gegnum síma eða tölvu. Það fór því ekki á milli mála að allir viðmælendur kjósa að afla sér upplýsinga í gegnum internetið og þá falla samfélagsmiðlar þar undir. Þegar Birna var spurð að því hvernig hún kys að afla sér upplýsinga lék enginn vafi um að internetið og aðrir miðlar yrðu fyrir valinu. „Ég myndi fara bara á netið eða leita af einhverju þannig... eða í gegnum samfélagsmiðla, því maður er alltaf inná því og um leið og maður sér eitthvað í gegnum *Instagram* þá veit maður af því“.

Marta vildi meina að hún og jafnaldrar henni væru flestir að „nýta sér netið“ til þess að leita sér að upplýsingum. Þegar það var verið að kynna fyrir þeim háskólann um daginn fengu nemendur bækling sem hún hélt að skilaði ekki miklu því „þeir færu bara í ruslið eða ofan í töskuna og eru þar“.

Þegar nemendur nota samfélagsmiðla tala þeir um að það komi oft upp hjá þeim á samfélagsmiðlum eitthvað sem þeir væru ekki endilega að fylgja eða skoða. Allir viðmælendur nefndu það að þeir fengi upp auglýsingar og aðrar upplýsingar bæði á *Facebook* og *Instagram* án þess að vera að leita af því. Líkt og Kristín sagði náði þetta athygli hennar:

Það nattúrulega poppar alltaf svona upp á *Facebook* og *Instagram* eitthvað sem maður er ekkert endilega að líka eða eitthvað svoleiðis. Eins og ég sá eitthvað svona vísindadagar í háskólanum, það var alltaf að koma upp á *Instagram* og maður vissi ekkert af þessu fyrr en maður sá þetta á *Instagram*.

Birna sagði einnig að það væri margt sem kæmi upp hjá henni bæði á *Facebook* og *Instagram* þó hún væri ekki endilega að leita af því. Ef það kæmi upp eitthvað sem henni fyndist vera „eitthvað svona áhugavert“ væri hún líkleg til þess að „smella á það“ og þar af leiðandi skoða það. Eins og hún sagði væru fullt af síðum á *Instagram* sem innihéldu „heilan helling“ af upplýsingum sem kæmu stundum upp hjá henni. Guðrún nefndi einnig að til dæmis þá „poppar“ Háskóli Íslands oft upp hjá henni þar sem er verið að sýna myndbönd og fleira. Aðspurð hvort þetta hafi vakið athygli hennar svaraði hún að líklegast hafi þetta gert það því hún „man allveganna alveg eftir þessu“.

Þegar viðmælendur voru aðspurðir um það hvort þeir hafi reynslu á notkunsamfélagsmiðla varðandi að leita sér upplýsingar sögðust þeir allir svo vera. Bæði Haukur og Guðrún nefndu að þau væru bæði að fylgjast með háskólum á *Instagram* og

Þau höfðu líka aflað sér upplýsinga með því að skoða heimsíður hjá bæði skólum og fyrirtækjum. Einnig nefndi Guðrún að hún hafi byrjað að fylgjast með Háskóla Íslands því hún sá að þeir voru að auglýsa „eitthvað“ á *Instagram* og þar af leiðandi byrjaði hún að fylgja þeim.

Marta og Birna höfðu báðar reynslu af því a nýta sér samfélagsmiðla þegar kemur að námi og námsundirbúningi. Þær stefndu báðar á að fara út til Bandaríkjanna að spila fótbolta og stunda nám í háskóla samhliða fótboltanum. Þegar Marta var spurð út í hvernig umsóknarferli og upplýsingaöflun varðandi það hafi gengið talað hún um að það hafi gengið mjög vel og hún fengi mikla aðstoð í gegnum *Facebook* frá einum af eiganda fyrirtækisins, sem sérhæfir sig í að aðstoða leikmenn við að fá fótboltastyrk við háskóla í Bandaríkjunum, og að hún getur „bara spurt hana á *Facebook* ef það er eitthvað“. Hún var í stöðugum samskiptum við bæði fyrirtækið og svo hefur hún samband við konuna persónulega í gegnum *Facebook* og *Instagram* ef hún hefur einhverjar spurningar. Henni fannst þetta vera mjög þægilegur máti og finnst þetta vera aðgengilegt því auðvelt sé að vera í samskiptum við fyrirtækið og væri hún fljót að fá svör við sínum spurningum. Þær hrósuðu báðar fyrirtækinu fyrir að vera mjög duglegt að nota samfélagsmiðla, bæði *Facebook* og *Instagram*. Þau væru dugleg að setja inn upplýsingar sem og að sýna frá mismunandi háskólum, nemendum og íþróttafólki sem er nú þegar úti í Bandaríkjunum sem dæmi má nefna. Í frásögn þeirra kemur augljóslega fram að þær væru að hrósa fyrirtækinu fyrir að nota samfélagsmiðla. Það mætti álykta sem svo að sá samskipta- og upplýsingamáti henti þeim vel. Þær fá allar þær upplýsingar sem þær þurfa og geta átt samskipti við fyrirtækið á auðveldan og fljótlegan máta.

Þegar þær voru spurðar út í hvernig þeim finndist að fylgjast með þeim á *Facebook* og *Instagram* var hægt að túlka það sem svo að þeim fannst það mjög gott og það hentaði þeim vel. Mörtu fannst auðvelt að fylgjast með þeim þar sem þau væru virk á samfélagsmiðlunum sínum: „Þau eru mjög dugleg að nota samfélagsmiðla og sýna frá, mjög dugleg á *Instagram* og *Facebook* þannig að það er mjög auðvelt að fylgjast með“. Og það sem Birna hafði um samfélagsmiðlanotkun þeirra að segjavar: „Þetta lætur mig langa meira að fara út“.

Birna talaði um að þótt hún væri ekki „mikið“ á *Facebook* noti hún það til þess að sækja ýmsar upplýsingar. Til dæmis til að fá upplýsingar um það hvenær það væri

fótboltaæfing hjá henni og aðrar upplýsingar sem tengjast fótboltanum. Þjálfari liðsins nýtti sér *Facebook* til þess að koma upplýsingum og skilaboðum áfram til iðkenda. Einnig notaði Birna þetta tengt skólanum sínum. Ef það er eitthvað um að vera hjá bekknum var bekkjarsíða á *Facebook* þar sem nemendur gætu fylgst með og haft samskipti hvort við annað. Einnig var skólinn duglegur að nýta sér samfélagsmiðilinn *Facebook* ef það væru einhverskonar viðburðir í gangi þá væri búinn til viðburður þar inná og honum er deilt til nemenda í gegnum samfélagsmiðla. Og aðspurð hvort henni finndist það vera hentug leið sagði hún svo vera „já það vita þá held ég alltaf allir eða flestir af þessu sko“.

Það gefur auga leið að þegar rætt varvið viðmælendur að þá höfðu þau mikla reynslu af notkun samfélagsmiðla. Þau ættu því að vita hvernig best væri að fara að því að nota samfélagsmiðla og koma upplýsingum á framfæri.

3.2.3 Sýn nemenda - „Það nota allir krakkar samfélagsmiðla núna og ég held að það væri besta leiðin til að ná til þeirra eða til sem flestra“.

Almennt voru viðmælendur sammála um það að nýting samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu væri góð hugmynd og gæti gagnast vel þar sem „það nota allir krakkar samfélagsmiðla núna“. Viðmælendur töluðu um að skortur væri á fræðslu í skólum og að þá gætu samfélagsmiðlar verið leið til að sýna nemendum og öðrum meira eða líkt og Birna sagði:

Já það væri sniðugt, það myndi allveganna nýtast mér, gefa mér meira og kannski sýna manni meira, maður fær aldrei upplýsingar en samt er þetta það mikilvægasta. Maður er í skólanum til að fá upplýsingar um það en svo fær maður enga fræðslu“

Aðspurð hvort að Birna teldi að hún myndi nýta sér það ef hægt væri að nálgast upplýsingar á samfélagsmiðlum sagði hún svo vera:

Ef þetta væri uppi núna þá væri ég búin að tékka hvað þyrfti að hafa fyrir hvaða starf og svona, mér finnst það áhugavert. Því ég veit ekki hvað ég þarf að hafa til að verða arkitekt eða lífeindafræðingur, finnst það mjög áhugavert já.

Allir viðmælendur virtust taka í sama streng um að nýting samfélagsmiðlar væri góð leið til þess að veita einstaklingum upplýsingar. Það væru „allir“ á samfélagsmiðlum og unglingar nýta sér samfélagsmiðla við að gera svo margt í dag. Því líkt og Dána sagði finnst henni þetta „make-a fullkominn sense“ að nýta sér samfélagsmiðlana við náms- og starfsfræðslu, því í dag væru margir nú þegar að nýta sér internetið í þeim tilgangi að leita

sér af upplýsingum vegna þess að í „það er svo auðvelt að fara á netið bara og leita af einhverju“. Út frá hennar reynslu væri hún viss um að flestir gætu nýtt sér þá leið:

Að svona minni reynslu að þá er þægilegt að geta bara farið í símann eða tölvuna og flett upp bara hverju sem er án þess að þurfa að hafa mikið fyrir því skiluru. Bara ef mér dettur allt í einu í hug eitthvað að þæla í þessu í staðinn fyrir að þurfa að bíða kannski með þetta í einhverja daga til þess að leita til einhvers að þá þú veist þó það sé vissulega gott að tala við aðra um það að þá einhvernveginn svona er auðvelt að finna allt á netinu einhvernveginn og ég held einhvernveginn að flestir nýti sér það sko.

Þeir miðlar sem viðmælendur nefndu að væru heppilegastir til þess að nýta við náms- og starfsfræðslu voru *Facebook* og *Instagram*. Þeir tveir væru vinsælustu miðlarnir til þess að veita upplýsingar. Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvernig þeir teldu að heppilegast væri að koma upplýsingum á framfæri í gegnum þessa miðla töluðu þau um hópa á *Facebook*, „like síður“ á *Facebook*, að vera virkir notendur á *Instagram* og að nýta „story“ á *Instagram*, til dæmis.

Viðmælendur töluðu um að það væri hægt að borga fyrir að fá upplýsingar, færslur og annað til þess að birtast hjá ákveðnum hópi á samfélagsmiðlum. Til dæmis þegar Marta var spurð að því hvernig hún teldi að best væri að koma upplýsingum um nám og störf á framfæri á samfélagsmiðlum sagði hún að hún myndi:

Hafa svona like síðu á *Facebook* þar sem að skólarnir og einhverjir væru duglegir að setja eitthvað inn og síðan er líka hægt að borga eitthvað pínulítið og þá kemur það hjá öllum eða þú getur valið eitthvað svona aldursbil og þá kemur það hjá krökkum á þeim aldri. Ég held það væri mjög sniðugt og eins er hægt að gera á *Instagram*, hafa síður þar og vera dugleg að setja og einmitt ef þú borgar eitthvað smá þá geta fleiri séð það.

Birna kom með þá hugmynd að hægt væri að nýta sér til dæmis „story“ á *Instagram* til þess að gefa einstaklingum hugmyndir um hvernig störf eru eða hvað þau hafa uppá að bjóða. Það að það sé hægt að sýna frá starfi einstaklinga og hvernig þau eru í raun og veru. Líkt og hún talaði um að ef einstaklingar vita ekki hvernig störf eru að þá halda þeir að „allt sé eins og í Bandaríkjunum“.

Þegar helstu niðurstöður eru dregnar saman úr þemanu mátti heyra á viðmælendum að samfélagsmiðlar var partur af daglegu lífi þeirra. Samfélagsmiðlar var helsta samskiptatæki þeirra, ef þeir þurftu að ná af vinum sínum var samfélagsmiðillinn leið til þess. Þau töluðu um að það væru allir á samfélagsmiðlum og því töldu þau að þetta væri góð leið til þess að geta komið upplýsingum til jafnaldra þeirra. Áhugaverðar hugmyndir

komu fram hjá þeim varðandi hvernig væri hægt að nýta samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu, svo sem með hópum á *Facebook*, og nýta og vera dugleg á *Instagram* því það var helsti miðillinn sem þessi aldurshópur var að nýta sér. Því má segja að þau voru vel kunn samfélagsmiðlum og voru virkir notendur á ýmsum miðlum.

4 Umræður

Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt, að kanna upplifun og reynslu þátttakenda af náms- og starfsfræðslu og að kanna viðhorf þeirra til notkunar samfélagsmiðla sem upplýsingaveitu um nám og störf. Athyglisvert var að allir viðmælendur áttu það sameiginlegt að hafa fengið litla náms- og starfsfræðslu. Einnig kom á óvart hvað nemendur áttu erfitt með að átta sig á því hvað náms- og starfsfræðsla væri í rauninni. Það gefur til kynna að fræðslan hafi ekki fengið pláss í stundatöflu þeirra í grunnskóla, enda sögðu flestir viðmælendur að hún hafi farið fram í umsjónartíma eða lífsleikni. Sú náms- og starfsfræðsla sem nemendur höfðu fengið samanstóð aðallega af vettvangsheimsóknum og nokkrum námskynningum um framhaldsskóla eða háskóla. Allir voru þeir sammála um að þeim fannst þeir ekki hafa fengið nægilega mikla fræðslu um hvað stæði þeim til boða þegar kæmi að því að taka næstu skref í þeirra náms- og starfsvali. Viðmælendur töldu að hægt hefði verið að haga náms- og starfsfræðslunni með öðrum hætti en einungis með vettvangsheimsóknum og kynningum á mismunandi skólum. Þeir töldu að náms- og starfsfræðsla geti nýst nemendum og aðstoðað þá sem eru í vanda og vita ekki hvert þeir vilja stefna þegar kemur að því að velja sér næsta skólastig. Viðmælendur voru á einu máli varðandi notkun samfélagsmiðla og voru flestir daglegir notendur samfélagsmiðla. Því voru þeir allir á sama máli að það væri gott tækifæri til þess að nýta samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu. Töldu þeir að það gæti nýst fólki vel að fá upplýsingar í gegnum samfélagsmiðla þar sem allir væru nú þegar að nýta þá í svo margt.

4.1 Reynsla af náms- og starfsfræðslu

Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur skýrt fram að janfrétti milli drengja og stúlkna þarf að ríkja við kynningu á námi og starfi, sem og að nemendur séu búnir undir frekari nám og störf með markvissri náms- og starfsfræðslu, kynningu á námi og atvinnulífinu. Það virðist vera sem svo að mikil óvissa ríki í grunn- og framhaldsskólum landsins með náms- og starfsfræðslu. Ekki er verið að sinna náms- og starfsfræðslu í 47% skólanna líkt og fram kom í skýrslu Regínu og Sóleyjar (2017). Það er í samræmi við það sem viðmælendur höfðu að segja varðandi það að þeir hafi fengið litla sem enga fræðslu þegar kom að námi og starfi. Vettvangsheimsóknir voru þó algengasta svar þátttakenda þegar þeir voru spurðir að því hvort og hvernig náms- og starfsfræðslu þeir höfðu fengið en lítil

fræðsla fylgdi í kjölfarið. Því mætti í raun og veru spyrja sig hvort að vettvangsheimsóknir séu yfirhöfuð náms- og starfsfræðsla í skilningi Savickas (2011). Savickas talar um að það sé þrennt sem felist í þjónustu náms- og starfsráðgjafa: leiðbeiningar varðandi starfsval, náms- og starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf. Samkvæmt honum er náms- og starfsfræðsla íhlutun þar sem verið er að nota kennsluáðferðir til þess að leiðbeina einstaklingum fyrir komandi verkefni í starfsþróun sinni. Ekki er hægt að álykta sem svo að nemendur hafi fengið kennslu og leiðbeiningar varðandi val, hvort sem það var val á vettvangsheimsóknum eða námsval.

Vettvangsheimsóknir eru ekki óalgengar sem ígildi náms- og starfsfræðslu líkt og rannsókn Hildar Ingólfssdóttur (2016) gaf til kynna. Í henni kom fram að í 57% tilvika voru skólar með vettvangsheimsóknir á dagskrá hjá sér. Þrátt fyrir að þær virðast vera heldur algengar í grunnskólum landsins virðist samt sem áður ekki vera neitt samræmi á milli þess hvernig þeim er háttað eða hvort að nemendur fái að fara í starfskynningar. Líkt og haft er eftir einum viðmælenda fengu ekki allir árgangar að fara í vettvangsheimsóknir en hann mundi eftir því að aðrir árgangar hefðu fengið að fara en ekki hans árgangur. Þetta sýnir fram á það að það sé ómarkviss framkvæmd á náms- og starfsfræðslu. Hvernig henni er háttað virðist vera í óvissu. Það mætti álykta að um væri að ræða heppni eða óheppni hvort nemendur fái að kynnast vinnumarkaðnum að einhverju leyti, allt eftir því í hvaða árgangi nemendur tilheyri.

Miðað við niðurstöður þessarar rannsóknar virðist vera sem svo að sumir fái meira en aðrir þegar kemur að náms- og starfsfræðslu. Viðhorf viðmælenda til vettvangsheimsókna var misjafnt eftir því hver reynsla og upplifun þeirra hafði verið, hvort hún var góð eða slæm. Þegar kom að vettvangsheimsóknum voru viðmælendur allir sammála um það að áhugi skiptir miklu máli þegar kemur að því að kynnast starfsvettvangi svo það hafi jákvæð áhrif og skili árangri. Líkt og fram kemur í grein Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2007) getur ávinningurinn af vettvangsheimsóknum í grunnskóla oft verið lítill miðað við umfang þeirra. Það þarf að vanda þessar heimsóknir vel svo þær skili þeim árangri sem þarf til nemenda. Nemendur vilja kynnast vinnumarkaðnum og því sem er í boði og því er mikilvægt að rétt sé farið að.

Líkt og fram kom í niðurstöðum rannsóknarinnar voru nokkrir viðmælendur ánægðir með að fá að fara í vettvangsheimsóknir og fannst þær nýtast sér. Þeir greindu frá því að

þær hafi verið áhugaverðar því valið hafið verið í samræmi við það sem þeir vildu starfa við í framtíðinni. Það virðist því vera sem svo að ávinningurinn af vettvangsheimsóknum hafi verið góður fyrir þá viðmælendur sem fengu að velja út frá áhugasviði sínu. Þrátt fyrir að þeir viðmælendur hafi valið út frá áhugasviði sínu hafa ekki endilega allir þann kost að geta valið út frá áhugasviði því sumir vita ekki endilega hvar áhuginn þeirra liggur. Í kenningu Savickas (2011) bendir hann á að náms- og starfsfræðsla sé íhlutun þar sem verið er að leiðbeina einstaklingum fyrir komandi verkefnum í starfspróun hans og aðferðir til þess að takast á við þau verkefni. Markmiðið er að nemendur séu búnir undir að taka þessa stóru ákvörðun sem námsval eftir grunnskóla eða framhaldsskóla, sem segir okkur það hversu mikilvægt sé að nemendur fái leiðsögn og fræðslu til að geta tekið upplýsta ákvörðun, sem og að fá þau til að opna augun fyrir komandi tækifærum. Nemendur verða að fá jöfn tækifæri til þess að kanna vinnumarkaðinn og í því hlýtur að felast það að fræðsla sé nauðsynleg svo nemendur séu að taka meðvitaðar ákvarðanir. Nemendur geta ekki gert þetta óstuddir og þurfa á aðstoð og fræðslu að halda.

Náms- og starfsfræðsla hefur það að markmiði að aðstoða einstaklinga við að taka mikilvægar ákvarðanir varðandi nám og starf, og hafa þau áhrif að starfsval þeirra byggist á upplýstu og rökstuddu vali. Einstaklingurinn er að ganga í gegnum ferli og því þarf að hafa í huga að nauðsynlegt er að styðja og örva það ferli með aðstoð náms- og starfsfræðslu (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, 2000, 2004; Guðrún Friðgeirsdóttir, 1999). Þrátt fyrir að sýnt hefur verið fram á hversu mikilvæg náms- og starfsfræðsla er, sem og að þetta sé ævilangt ferli líkt og Super (1990) gefur til kynna, hefur hún ekki náð að festa sig í sessi í stundatöflu skólanna líkt og fram kemur í aðalnámskrá grunnskóla (2013). Það lýsir vel hversu lítil fræðslan sem birtist í því hversu erfitt viðmælendur eiga með að útskýra hvað náms- og starfsfræðsla sé. Áhugavert var að allir viðmælendur hefðu viljað fá meiri náms- og starfsfræðslu en í boði var, það er að segja ef hún var í boði yfir höfuð. Það er nauðsynlegt að bregðast við þessu og veita nemendum betri og meiri fræðslu þegar kemur að námi og starfi.

Ekki áttu viðmælendur einungis erfitt með að segja hvað náms- og starfsfræðsla sé, heldur áttu þeir einnig erfitt með að átta sig á því í rauninni hvort þeir hafi fengið hana eða ekki sem hluta af námi sínu. Það virðist vera sem svo að nemendur viti, í fyrsta lagi, ekki að þessi námsþáttur heiti náms- og starfsfræðsla og í öðru lagi að þrátt fyrir að orðið

sé frekar lýsandi eru nemendur ekki vissir hvort þeir fái þessa svokölluðu náms- og starfsfræðslu í skóla. Í tengslum við það má benda á að Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf, setti fram í fyrra á vef náms- og starfsráðgjafa hugmynd um að finna ætti nýtt orð á þennan námsþátt, þar sem fræðslan hefur á sér gamaldags yfirbragð. Því er hægt að álykta sem svo að nemendur fái ef til vill ekki að heyra um náms- og starfsfræðslu í sínum skólum. Sú fræðsla sem fer fram, ef svo er, er yfirleitt í umsjónartímum eða lífsleikni og því kemur það varla á óvart að nemendur viti ekki hvað náms- og starfsfræðsla sé. Það að nemendur tali sjálfir um að þeir hefðu viljað háttá náms- og starfsfræðslunni öðruvísi, það er að segja að fá meiri náms- og starfsfræðslu, hlýtur að veða þungt. Þeir tala um að þeir vilji fá meiri fræðslu um hvað er í boði í skólum og samfélaginu og einnig að boðið sé upp á betri fræðslu fyrir þá nemendur sem vita ekki hvert þeir vilja stefna.

Miðað við frásögn viðmælanda má draga þá ályktun að það virðist vera lítil alvara í framhaldsskólakynningum fyrir nemendur. Athyglisvert er að benda á, líkt og einn viðmælandi sagði, það sé lögð áhersla á ef einstaklingar ætluðu í háskóla þá þyrfti að klára stúdentspróf. Áhugaverð ábending og verið að einfalda hlutina mikið sem segir okkur það hversu lítil náms- og starfsfræðslan er og einu skilaboðin eru að klára stúdentsprófið. Ekki er hægt að telja þetta vera hvetjandi fyrir nemendur og mætti segja að verið sé að fara á mis við að nýta áhugahvöt nemenda. Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur fram að búa þurfi nemendur undir frekara nám og störf með markvissri náms- og starfsfræðslu sem er meðal annars kynning á námi. Þetta virðist ekki vera meðal viðmælanda þar sem þeir greindu flestir frá því að hafa fengið einhverskonar kynningar á framhaldsnámi, þó hafi hún ekki vera mikil. Kynningin fólst í því að nemendur fóru í heimsókn í framhaldsskólana á eigin vegum eða á skólatíma, þá yfirleitt með kennara eða náms- og starfsráðgjafa. Niðurstöður gáfu til kynna að háskólakynningar væru tvennskonar, háskólaferðir og svo námskynningar inn í skóla. Þá er hægt að spyrja þeirra spurningar hvort rétt sé farið að því hvernig háskólar eru kynntir nemendum. Líkt og fram kom í niðurstöðum rannsóknarinnar taldi einn viðmælandi að kynningar væru ekki að gera mikið fyrir þá nemendur sem vita ekki hvert þeir vilja fara, því einungis væri verið að kynna skólana, hvað þeir bjóða upp á og þess háttaren engin fræðsla færi fram sem auðveldar nemendum val sitt. Nauðsynlegt er að háskólar auglýsi sig svo nemendur séu meðvitaðir um hvaða háskólar eru í boði. Hvert er þó markmiðið með háskólakynningum ef

nemendur eru í vafa um hvað þeir vilja læra? Þarf ekki að samtvinna háskólakynningar með einhverskonar fræðslu svo þetta skili árangri og nemendur séu meðvitaðri um hvað þeir vilja? Passa verður að kynningar snúist ekki einunigs um áróður og auglýsingar fyrir háskólana.

4.2 Samfélagsmiðlar sem samskipta- og upplýsingatæki

Viðmælendur rannsóknarinnar tilheyra þeirri kynslóð sem kallast frumbyggjar stafræna heimsins eða „Digital Natives“ (DeSilets, 2011). Því kemur það lítið á óvart að reynsla viðmælenda af notkun samfélagsmiðla sé mikil. Þeir hafa í raun alla sína tíð alist upp við það að hafa aðgang að internetinu og muna lítið eða jafnvel ekkert eftir þeim tíma þegar samfélagsmiðlar voru ekki til staðar. Það er í takt við það hvernig þau sjá samfélagsmiðla því eins og einn viðmælandi lýsti því að þá er lífið að nota samfélagsmiðla. Þetta er orðinn svo stór partur af lífi einstaklinga og þeir eru orðnir ein helsta upplýsinga- og samskiptaleið manna samkvæmt viðmælendum. Það gefur augaleið að þessi kynslóð er örugg í að nota samfélagsmiðla og er þetta þar af leiðandi tilvalin leið til þess að ná til þeirra. Héðan í frá er líklegt að samfélagið okkar verði meira stafrænt með árunum og því er kominn tími til þess að byrja að bregðast við þeim tækninýjungum sem eru í boði.

Sýnt hefur verið fram á að breytingar hafa orðið á hlutverki internetsins, bæði hjá nemendum og náms- og starfsráðgjöfum. Nemendur eru farnir að nýta sér internetið í meira mæli heldur en áður fyrr og náms- og starfsráðgjafar telja að internetið sé komið í stað bæklinga og annars útprentaðs efnis (Vuorinen o.fl., 2011). Viðmælendur gáfu til kynna að þeir hefðu nýtt sér internetið í þeim tilgangi að leita sér af upplýsingum varðandi nám og störf. Líkt og einn viðmælandi sagði að þá hafi ástæðan fyrir því að hann fór á internetið að leita sér upplýsinga verið sú að hann vissi ekki við hvern hann ætti að tala við. Allt helst þetta í hendur, ef náms- og starfsfræðslan er lítil sem engin þá verða nemendur að læra að bjarga sér sjálfir. Þeir vita ekki við hvern þeir ættu að tala við og þá virðist vera sem svo að internetið og samfélagsmiðlar séu það sem gefur þeim upplýsingar. Nemendur fara að „Googla“ hluti og afla sér upplýsinga með þeim hætti, sem er í samræmi við niðurstöður fylgnirannsóknar Vuorinen, Sampson og Kettunen (2011) þar sem verið var að kanna hvort að breytingar hefðu orðið varðandi hlutverk internetsins og notkun þess meðal náms- og starfsráðgjafa. Sú rannsókn sýndi að nemendur eru farnir að nýta sér internetið í meira mæli en áður fyrr, og hættir að nýta sér útprentað efni.

Sýnt hefur verið fram á að internetið sé að koma í stað bæklinga og annars útprentaðs efnis með upplýsingum (Vuorinen o.fl., 2011). Það er orðin aukin þrýstingur á náms- og starfsráðgjafa að nýta sér internetið og samfélagsmiðla í samfélaginu í dag, þar sem meirihluti landsmanna er virkur á samfélagsmiðlum. Því er þetta í takt við það sem einn viðmælandi hafði að segja, að flest upplýsingaefni sem þau fá á kynningum eru bæklingar sem enda líklegast ofan í tösku og eru aldrei skoðuð. Bæklingar og annað útprentað efni er ekki að höfða til nemendalengur og því þarf að bregðast við og miðla þessum upplýsingum með nýjum hætti.

Þar sem upplýsingaefni fyrir nám og störf er af skörnum skammti á internetinu er nauðsynlegt að bregðast við því ástandi. Líkt og Super (1990) segir í sinni kenningu er starfsferill einstaklingsins að þróast út allt lífið og því er þetta ekki einunigs ein ákvörðun sem menn standa frammi fyrir, heldur er starfsferillinn í sífelldri þróun. Það gefur auga leið á að fræða þurfi nemendur um náms- og starfsval, meðal annars þar sem við búum í fjölbreyttu samfélagi sem tekur stöðugum breytingum. Líkt og fram kom í niðurstöðunum var einn viðmælandi til í að fá meiri fræðslu um hvað er í boði á heilbrigðissviði, þar sem flestir hugsa um lækna en það væri eflaust svo margt annað í boði til að læra. Einnig er haft eftir öðrum viðmælanda að hann vissi ekki að í boði væri að fara í ferðamálafræði áfanga í framhaldsskólanum hans. Það leiddi til þess að hann hóf nám á raungreinabraut en færði sig yfir á félagsfræðibraut þegar hann komst að því að í boði væri að taka ferðamálafræði sem áfanga á þeirri námsbraut. Ástæðan fyrir því að hann skipti var sú að hann ætlaði sér að fara í ferðamálafræði í háskóla. Það gefur augaleið að nemendur vita ekki um allt það fjölbreytta nám sem er í boði í framhaldskólum og háskólum. Það kallar á það að gefa þeim tækifæri til að kynna sér mismunandi námsleiðir og um leið fræða þá um það sem er í boði. Það virðist vera algeng leið hjá nemendum að afla sér upplýsinga með því að dvelja í eina til tvær annir í ákveðinni grein og átta sig svo á því hvert þeir vilja stefna. Athyglisvert væri að kanna í frekari rannsóknum hvað þessi hegðun er að kosta samfélagið. Líklegast væri hægt að spara samfélaginu miklar fjárhæðir með því að vera með markvissa náms- og starfsfræðslu.

Með nýtingu samfélagsmiðla og internetsins við að miðla upplýsingum er bæði verið að huga að hæfni náms- og starfsráðgjafa, sem og hæfni notenda að beita gagnrýnni hugsun, mismunandi tegundir læsis og réttmæti upplýsinga. Þegar hugað er að þessum

Þáttum eru þetta ekki þættir sem ættu að standa í vegi fyrir því að einstaklingar nýti sér samfélagsmiðla meira við upplýsingaöflun. Talið er að upplýsingalæsi sé lykilmæli við notkun samfélagsmiðla sem þýðir að menn hafi þá hæfni að finna og meta upplýsinga á netinu á gagnrýnin hátt (Kettunen, Sampson, o.fl., 2015). Við eigum að búa yfir þessari færni að geta nýtt okkur samfélagsmiðla, treyst á okkur sjálf og beitt gagnrýnni hugsun á hvað við teljum vera réttmætar upplýsingar. Samt sem áður þurfa upplýsingarnar fyrst og fremst að vera til staðar á internetinu og það er það sem við þurfum að bæta úr, fjölga upplýsingalindum. Því þurfa fagaðilar að taka skrefið og koma til móts við ráðþega með því að setja inn upplýsingar á samfélagsmiðla eða internetið. Mikilvægt er að hafa í huga að setja upplýsingarnar skýrt fram fyrir lesandann og að þær séu skiljanlegar (Sampson o.fl., 2018). Við viljum að notendur séu að fá réttar og áreiðanlegar upplýsingar frá fagaðilum því það er það sem auðveldar þeim og aðstoðar þá við ákvarðanatöku. Það kemur einnig í hlut náms- og starfsráðgjafa að aðstoða og benda ráðþegum á hvaða upplýsingar eru gagnlegar og áreiðanlegar.

Með því að hafa upplýsingar á internetinu geta þeir sem þurfa minni aðstoð við náms- og starfsval leitað sér upplýsinga þar. Ef viðkomandi óskar eftir meiri aðstoð er alltaf í boði að sækja þjónustu náms- og starfsráðgjafa í skólum eða á stofnunum. Einnig er hægt að nýta upplýsingavefi í náms- og starfsfræðslu inni í skólum. Yngri kynslóðinni finnst þægilegt og auðvelt að leita sér upplýsinga á netinu. Því þarf að huga að því hvort að það þurfi ekki að mæta þessum hópi með því að fagaðilar nýti sér tæknina, auka aðgengi og upplýsingaflæði á samfélagsmiðlum. Þrátt fyrir að notendum finnist þetta vera þægilegt að þá má líka geta þess að samfélagsmiðlar eru fljótleg, ódýr og skilvirk leið til þess að auka þjónustu við nemendur sem og aðra notendur (Hooley o.fl., 2010).

4.3 Sýn nemenda á notkun samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu

Náms- og starfsráðgjöfum finnst samfélagsmiðlar vera hentug leið til þess að miðla upplýsingum til ráðþega líkt og fram kemur í finnskri rannsókn frá árinu 2015 (Kettunen, Vuorinen og Sampson). Það er sífellt verið að benda á það að náms- og starfsfræðsla er lítil í grunn- og framhaldsskólum landsins (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2000, 2004). Því er nauðsynlegt að náms- og starfsráðgjafar skoði hvaða möguleikar samfélagsmiðla bjóða upp á, ekki aðeins til þess að nálgast betur notendahópinn, heldur einnig til að miðla náms- og starfsupplýsingum.

Segja má að notkun samfélagsmiðla við ráðgjöf hér á landi sé á ákveðnu byrjunarstigi. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á notkun samfélagsmiðla við náms- og starfsráðgjöf hér á landi, enda kannski hefur ekki verið tilefni til þess þar sem það virðist vera lítið um það að náms- og starfsráðgjafar nýti sér samfélagsmiðla í starfi enn sem komið er. Enn er margt nýtt að líta dagsins ljós í rannsóknum sem tengist notkun samfélagsmiðla við náms- og starfsráðgjöf og mætti þar nefna ný hugtök og orð. Í rannsókn Kettunen og félagar (2015) komu fram tvö orð, samtvinningarráðgjöf og samvinnuráðgjöf, sem ekki hafa verið notuð áður hér á landi og er því verið að nota þessi orð í fyrsta sinn á íslensku. Þýðingin á orðunum var borin undir Árnastofnun sem aðstoðaði við að ná fram sem bestu þýðingu á orðunum. Líklegt er að þessi orð eigi eftir að koma meira við sögu hér á landi þar sem notkun internetsins og samfélagsmiðla er að verða meira áberandi í náms- og starfsráðgjöf. Með notkun samfélagsmiðla og internetsins við náms- og starfsráðgjöf fer að stað einskonar samtvinningarráðgjöf, að eiga í samskiptum við og með öðrum einstaklingum í samfélaginu á sama vettvangi. Samvinnuráðgjöf að þá er verið að takast á við náms- og starfstengdar áskoranir og merkingarbærar úrlausnir verða til í gegnum samskiptin á internetinu.

Við vitum að einstaklingar eru að nota internetið bæði sér til gagns og gamans. Internetið hefur haft þau áhrif á að það hvernig einstaklingar afla sér upplýsinga hefur breyst og því er þörf á því að færa náms- og starfsráðgjöf nær þeirri tækni sem finnst í okkar samfélagi (Sampson o.fl., 2018). Ný tækni og samfélagsmiðlar bjóða því upp á tækifæri til þess að þróast í starfi, efla ráðgjöfina og um leið betrubæta upplýsingaflæði hjá einstaklingum. Sýn notenda skiptir miklu máli þegar verið er að móta og hanna þjónustu því það eru notendurnir sem nýta sér hana og upplifa og því verður hún að höfða til þeirra. Notendur eru því kjörnir til að benda á hentugar leiðir á notkun samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu til þess að þjónustan skili sem mestum árangri (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og félagar, 2011). Það kom skýrt fram í niðurstöðum að viðmælendum fannst það frábær hugmynd að nýta samfélagsmiðla til þess að koma upplýsingum á framfæri, þar sem allir nýta sér samfélagsmiðla við svo margt í dag. Eins og viðmælendur komast að orði finnst þeim það „meika fullkominn sense“ að nota samfélagsmiðla við að miðla upplýsingum um nám og störf. Einn viðmælandi greindi frá því að ef hann gæti nýtt sér einhverja samfélagsmiðla núna við að fá upplýsingar að þá myndi hann gera það.

Líkt og niðurstöður gefa til kynna sögðu viðmælendur margvísleg upplýsingamiðlun fara þegar fram í gegnum samfélagsmiðla, internetið og í tölvu eða síma, eins og miðlun upplýsinga frá skólum, samskipti og annað. Einn viðmælandinn greindi frá því að þetta væri hentug leið til þess að koma upplýsingum á framfæri vegna þess að það væri svo þægilegt að geta farið í símann og ekki þurfa að hafa mikið fyrir þessu. Það þyrfti til að mynda ekki að bíða eftir því að geta farið að tala við einhvern, heldur væri svo auðvelt að fara á netið og finna upplýsingar þar. Þetta er í samræmi við það sem rannsóknir hafa gefið til kynna um að margir hafi hvorki kjark né þor til þess að fara að leita sér ráðgjafar (Suler, 2004). Þess vegna er mikilvægt að auka og útvíkka þjónustuna og færa hana nær einstaklingum. Í raun mætti segja að nauðsynlegt væri að gera þjónustuna aðgengilegri en ekki hafa hana einungis á hefðbundnum opnunartímum því flestir þurfa einhverntímann á lífsleiðinni á ráðgjöf að halda.

Þrátt fyrir að samfélagsmiðlar séu vinsælir í notkun dagsdaglega, þá eru ákveðnir þættir sem þarf að hafa í huga þegar kemur að notkun samfélagsmiðla við ráðgjöf. Það þarf að huga að siðferðislegu hlið ráðgjafar í gegnum internetið. Þeir þættir sem falla þar undir eru til að mynda trúnaður, nafnleynd og öryggi. Það þarf að vera varkár varðandi hvaða forrit verið er að nota og hvernig upplýsingum er verið að safna eða miðla í gegnum samfélags-miðla. Mikilvægt er að náms- og starfsráðgjafar séu meðviðtaðir um hvað hvert og eitt forrit hefur að færa og huga að því hvort að öryggi bæði ráðþega og ráðgjafa sé gætt.

Viðmælendur voru allir á sama máli þegar þeir voru spurðir að því hvaða samfélagsmiðlar væru hentugastir til þess að miðla upplýsingum. Svör þátttakenda voru annarsvegar *Facebook* og hinsvegar *Instagram*. Þessir tveir miðlar töldu þeir að væru vinsælastir í dag og gætu því hentað vel til þess að koma upplýsingum á framfæri. Tölur hafa gefið til kynna að flestir Íslendinga eru á *Facebook* eða um 67%, og í þriðja sæti kemur *Instagram* þar sem 45% íslendinga eru á þeim miðli (MMR, e.d.). Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar virðist vera sem svo að eldra fólk sé að nýta sér *Facebook* meira og yngri kynslóðin er búin að færa sig meira yfir á *Instagram*. Því væri hentugast að nýta þessa tvo samfélagsmiðla til þess að veita upplýsingar.

Einn viðmælandi kom inn á það þegar hann var spurður út í sýn hans á notkun samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu að ef að þetta væri uppi núna þá væri hann

búinn að skoða þetta. Það er því mikilvægt að segja frá því að það eru nú þegar til þessar síður sem hafa góðar upplýsingar um fjölbreytt nám og störf sem eru í boði í okkar samfélagi. Vandamálið er ekki að það séu ekki uppi neinar upplýsingasíður, heldur að nemendur virðast ekki vita af tilvist íslensku vefsíðanna. Þá má þó benda á það að þessar vefsíður eru tiltölulega nýjar og enn í þróun en samt sem áður tilbúnar til notkunar og eru aðgengilegar öllum. Því er hugsunin einnig sú með notkun samfélagsmiðla er hægt að vekja athygli á heimsíðunum www.naestaskref.is og www.námogstorf.is oggera þær sýnilegri. Þannig er strax verið að miðla upplýsingum til einstaklinga og gera þá meðvitaðri um hvað er í boði á internetinu. Það mætti þó benda á að þrátt fyrir að mikið magn af gagnlegum upplýsingum mætti finna á þessum heimasíðum þá kemur mennta- og menningamálaráðuneytið ekki að þessum síðum, heldur eru þær í eigu fyrirtækja. Þetta er eitthvað sem þyrfti að laga og fá mennta- og menningamálaráðuneytið til þess að taka þátt í. Samfélagsmiðlar eru líklegir til þess að skila árangri en til að svo verði er það í höndum fagaðila að koma því ferli í gang og byrja að nota samfélagsmiðla.

Einn viðmælandi kom inn á þá hugmynd að nýta sér „story“ á *Instagram* til þess að veita upplýsingar um mismunandi nám og störf. Þá að leyfa einstaklingum að segja frá störfum, til dæmis með myndskreiðum eða myndum. Tveir viðmælendur höfuð reynslu af því að nýta sér samfélagsmiðla til þess að fylgjast með fyrirtæki sem sérhæfir sig í því að aðstoða leikmenn við að fá fótboldastyrk í Bandaríkjunum. Með því að fylgjast með þeim í gegnum samfélagsmiðla fannst viðmælendunum þeir sjá betur hvernig aðstæður eru, sem og fá mismunandi sýn á þetta. Þarna er verið að nýta sér samfélagsmiðla við að kynna nám og störf og færa þjónustuna í raun og veru nær einstaklingum og gera hana aðgengilegri. Ef við horfum til annarra landa sem hafa verið að nýta sér samfélagsmiðla við störf sín, líkt og í rannsókn Kettunen, Vuorinen og Sampson frá árinu 2013, að þá voru náms- og starfsráðgjafar farnir að nýta sér samfélagsmiðla í starfi og flestir voru jákvæðir í garð þeirra.

Rannsóknir hafa verið framkvæmdar hvað varðar reynslu og upplifun ungmenna af náms- og starfsfræðslu en þó hefur aldrei, eftir því sem best er vitað, verið framkvæmd rannsókn þar sem skoðuð er sýn einstaklinga á nýtingu samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu, hvorki hér á landi né í nágrennalöndum. Taka verður tillit til hversu einsleitur og lítill viðmælendahópurinn var í rannsókninni og áhugavert hefði verið að

hafa viðmælandahópin stærri. Þó var reynsla viðmælanda sambærileg þegar kom að reynslu þeirra af náms- og starfsfræðslu og var augljóst að hún var mjög takmörkuð. Þau gáfu skýrt til kynna hversu vinsælir samfélagsmiðlar væru og hversu stór partur þeir væru af lífi einstaklinga í dag, og því væri í raun nauðsynlegt að gera upplýsingar varðandi nám og störf aðgengilegri á netinu.

5 Lokaorð

Markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun og reynslu þátttakenda af náms- og starfsfræðslu og að kanna viðhorf þeirra til notkunar samfélagsmiðla sem upplýsingaveitu um nám og störf. Ákveðið var að afla gagna með viðtölum, eigindlegri aðferðafræði, við sex framhaldsskólanemendur sem voru á aldrinum 18 og 19 ára og fá fram þeirra reynslu og sýn. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að nemendur voru ekki að fá mjög litla og ómarkvissa náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskóla. Þær leiddu í ljós að flestir viðmælenda voru að fara í vettvangsheimsóknir en þrátt fyrir það að þá var ekki öllum sem fannst þær gagnast sér. Í grunnskóla fengu nemendur einnig kynningar á framhaldsskólanámien misjafnt var hvernig þeim var háttað þó öll fengu þau fræðslu í 10. bekk í grunnskóla. Einnig var áberandi að þetta var kynslóð sem þekkir vel til samfélagsmiðla og notar þá daglega. Því komu einungis fram jákvæð svör þegar þeir voru spurðir út í hvernig þeim litist á að samfélagsmiðlar yrðu notaðir til þessa að auka upplýsingaflæði og um leið náms- og starfsfræðslu og þau sáu auðveldlega leiðir sem hægt væri að fara við að nota samfélagsmiðla í náms- og starfsfræðslu.

Ungmennin lýstu reynslu sinni að lítið hefði verið um náms- og starfsfræðslu og hefðu þau kosið fámeiri fræðslu í bæði grunn- og framhaldsskóla. Það mætti því segja að nemendur vilji fá fræðsluna en því miður er ekki verið að veita hana í skólum landsins í dag.

Reynsla viðmælenda af náms- og starfsfræðslu er í takt við það sem rannsóknir hafa sýnt. Það að náms- og starfsfræðslu sé ekki sinnt í rúmum helmingi tilvika í skólum landsins og þar með eru margir nemendur ekki að fá neina markvissa náms- og starfsfræðslu. Í flestum þessum tilvikum er náms- og starfsfræðslunni sinnt í formi vettvangsheimsókna sem þau oft hafa ekki áhuga á og yfirleitt er ekki unnið úr þessum heimsóknum í skólanum. Erfitt er að bera niðurstöður rannsóknarinnar saman við fyrri rannsóknir hvað varðar sýn notenda á nýtingu samfélagsmiðla þar sem engar slíkar rannsóknir eru til.

Rannsóknin fór fram með hálfopnum einstaklingsviðtölum þar sem tekið var mið af sýn og reynslu einstaklinga. Niðurstöðurnar gefa því góða innsýn í reynslu og upplifun viðmælenda af náms- og starfsfræðslu, sem og jákvæða sýn þeirra á nýtingu samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu. Niðurstöður rannsóknarinnar geta því

vonandi gefið sýn á það hversu mikilvægt það er að hlusta á raddir notenda, taka mið af þörfum þeirra og hvað þeir telja vera nauðsynlegt að gera. Einnig er sýnt fram á að það þurfi að auka náms- og starfsfræðslu á Íslandi sem er vel framkvæmanlegt með aðstoð samfélagsmiðla ef réttri aðferðafræði er beitt. Viðmælendahópur rannsóknarinnar var einsleitur og einungis voru tekin viðtöl við sex viðmælendur. Niðurstöður gáfu samt sem áður til kynna að þörf er á frekari rannsóknum á þessu málefni og vert er að skoða sýn notenda þar sem lítið er til af efni hvað það varðar. Áhugavert væri að hafa stærra viðmælendahóp til þess að fá skýrari niðurstöður. Að lokum telur höfundur rannsóknarinnar sig hafa fengið mikinn ávinning við gerð þessa verkefnis sem nýtist í framtíðarstarfi sem náms- og starfsráðgjafi.

Heimildaskrá

- Active social media penetration in European countries 2018 | Statistic. (e.d.). *Statista*. Sótt 26. apríl 2018 af <https://www.statista.com/statistics/295660/active-social-media-penetration-in-european-countries/>
- #ad á Instagram. (e.d.). SAHARA. Sótt 30. september 2018 af <https://www.sahara.is/blogg/2017/9/13/ad-instagram>
- Arnar Þórsteinsson. (2018). Næsta skref. *Gátt - Ársrit um framhaldsfræðslu*, 8–13.
- Álfhildur Eiríksdóttir. (2011). *Rafræn náms- og starfsráðgjöf á Íslandi. Viðhorf og reynsla íslenskra náms- og starfsráðgjafa* (Meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/10183>
- Bandura, A. (1997). *Self-efficacy: The exercise of control*. New York: W.H. Freeman.
- Bimrose, J., Barnes, S.-A. og Hughes, D. (2008). *Adult career progression & advancement: A five year study of the effectiveness of guidance*. Coventry: Warwick Institute for Employment Research. Sótt af <https://journals.sagepub.com/doi/abs/10.2304/rcie.2014.9.3.270>
- Capacent (2015). *Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi: Skýrsla starfshóps um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/stefn_nams_starfsradgj_.pdf
- Charmaz, K. (2014). *Constructing grounded theory* (2nd edition.). London ; Thousand Oaks, Calif: Sage.
- Cordell, R. M. (2013). Information literacy and digital literacy: Competing or complementary? *Communications in Information Literacy; Tulsa*, 7(2), 177–183.
- Creswell, J. W. (2013). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (3rd ed.). Los Angeles: SAGE Publications.
- DeSilets, L. D. (2011). Are you teady for the net generation or the free agent learner? *The Journal of Continuing Education in Nursing; Thorofare*, 42(8), 340–1. doi:<http://dx.doi.org/10.3928/00220124-20110722-02>
- European Lifelong Guidance Policy Network (ELGPN). (2012). *Lifelong guidance policy development: A european resource kit*. Sótt af http://www.eucen.eu/images/posts/elgpn_resource_kit_2011-12_web.pdf
- Félag náms- og starfsráðgjafa. (2015). Náms- og starfsráðgjöf. Sótt 14. september 2018 af <https://fns.is/nams-og-starfsradgjof>

- Flynn, R. J. (1994). Evaluating the effectiveness of career counselling: Recent evidence and recommended strategies. *Canadian Journal of Counselling, 28*(4), 270–80.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1990). *Námsráðgjöf og starfsfræðsla í fimm nágrannalöndum og samanburður við Ísland*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Gibbons, M. M., Borders, L. D., Stephan, J. B. og Davis, P. E. (2006). Career and college planning needs of ninth graders-as reported by ninth graders. *Professional School Counseling, 10*(1), 168–178.
- Gottfredson, L. S. (1981). Circumscription and compromise: A developmental theory of occupational aspirations. *Journal of Counseling Psychology, 28*(6), 545–579.
doi:10.1037/0022-0167.28.6.545
- Gottfredson, L. S. (2002). Gottfredson's theory of circumscription, compromise, and selfcreation. Í *Career choice and development* (4.útgáfa., bls. 85–148). San Fransisco: Jossey-Bass.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (1994). *Margt er um að velja : Starfsfræði handa efstu bekkjum grunnskóla*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangr? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10.bekk í grunnskóla., *Uppeldi og menntun, Tímarit Kennaraháskóla Íslands, 9*, 37–55.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2004). Þarf að fræða ungt fólk um nám og störf? Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna: Erindi flutt á málþingi umboðsmanna barna og háskólarektors 5.nóvembers 2004* (bls. 97–103).
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2007). Outcomes of two different methods in careers education. *International Journal for Educational and Vocational Guidance, 7*(2), 97–110. doi:10.1007/s10775-007-9118-4
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2010). Occupational thinking and its relation to school dropout. *Journal of Career Development, 37*(4), 677–691.
doi:10.1177/0894845309357052
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2016). „Ég kom gjörsamlega að auðu borði“: Saga náms- og starfsráðgjafar á Íslandi frá árdögum til aldamóta. *Tímarit um uppeldi og menntun, 25*(1), 109–127.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir. (2019). *The making of a profession* (óbirt handrit).
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson. (2005). Kynjamunur í hugrænni kortlagningu starfa. *Uppeldi og menntun, 14*(2), 57–69.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Ingibjörg Hanna Björnsdóttir. (2013). *Umgjörð og uppbygging vefgáttar sem veitir upplýsingar og ráðgjöf um störf og nám - Ætluð*

- fullorðnum með stutta skólagöngu*. Reykjavík: Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Nordic Network of Adult Learning (NVL). (2011). *Voice of users: Promoting quality of guidance for adults in the Nordic countries*. S.l.: NVL.
- Guðrún Birna Kjartansdóttir. (2012). *Upplýsinga og ráðgjafarkerfi um nám og störf: Þarfagreining og framvkæmdaráætlun*. SÆNS.
- Guðrún Friðgeirsdóttir. (1999). *Námsráðgjöf í skólum*. Háskólaútgáfan.
- Gysbers, N. C. og Henderson, P. (2006). *Developing & managing your school guidance and counseling program* (4th ed.). Alexandria, Va: American Counseling Association.
- Helga Helgadóttir. (2011). *Stefnan sett: Um náms- og starfsval*. Kópavogur: Námsgagnastofnun.
- Hennink, M. M., Hutter, I. og Bailey, A. (2011). *Qualitative research methods*. London ; Thousand Oaks, Calif: SAGE.
- Hildur Ingólfssdóttir. (2016). *Mat skólastjóra grunnskóla á mikilvægi náms- og starfsfræðslu*. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Hooley, T., Hutchinson, J. og Watts, A. G. (2010). *Careering through the Web: The potential of Web 2.0 and 3.0 technologies for career development and career support services*.
- Hung, H.-T. og Yuen, S. C.-Y. (2010). Educational use of social networking technology in higher education. *Teaching in Higher Education*, 15(6), 703–714. doi:10.1080/13562517.2010.507307
- International Telecommunication Union. (2017). *ICT Facts and Figures 2017*. Geneva: International Telecommunication Union.
- Mennta- og Menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla almennur hluti ; greinasvið 2013*. Reykjavík. Sótt 25. október 2018 af http://curriculumadepot.gei.de/bitstream/handle/11163/296/739413597_2013_A.pdf?sequence=2
- Jóhanna Margrét Eiríksdóttir. (2014). *Reynsla og upplifun nemenda í 10. bekk af náms- og starfsfræðslu: „...þetta hjálpaði mér mikið að ákveða hvert ég vildi fara...“* Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Kettunen, J. (2017). Career practitioners' conceptions of social media and competency for social media in career services. *Tutkimuksia / Koulutuksen tutkimuslaitos* 32.
- Kettunen, J., Sampson, J. P. og Vuorinen, R. (2015). Career practitioners' conceptions of competency for social media in career services. *British Journal of Guidance & Counselling*, 43(1), 43–56. doi:10.1080/03069885.2014.939945

- Kettunen, J., Vuorinen, R. og Sampson, J. P. (2013). Career practitioners' conceptions of social media in career services. *British Journal of Guidance & Counselling*, 41(3), 302–317. doi:10.1080/03069885.2013.781572
- Kettunen, J., Vuorinen, R. og Sampson, J. P. (2015). Practitioners' experiences of social media in career services. *The Career Development Quarterly*, 63(3), 268–281. doi:10.1002/cdq.12018
- Krumboltz, J. D. (2009). The Happenstance Learning Theory. *Journal of Career Assessment*, 17(2), 135–154. doi:10.1177/1069072708328861
- Lísa María Kristjánsdóttir. (2015). *Framtíðarmöguleikar rafrænnar náms- og starfsráðgjafar á Íslandi*. Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/20262>
- Lög um grunnskóla*, nr. 91/2008
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla*, nr. 96/2000
- Marton, F. og Shirley, B. (1997). *Learning and awareness*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-grsk_vefur.pdf
- Menntamálaráðuneyti. (2007). *Náms- og starfsráðgjöf. Skýrsla starfshóps*. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.
- MMR. (e.d.). Facebook trónir á toppnum. Sótt 17. september 2018 af <https://mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeeur/689-facebook-tronir-a-topppnum>
- Morris, M. E. og Aguilera, A. (2012). Mobile, social, and wearable computing and the evolution of psychological practice. *Professional Psychology: Research and Practice*, 43(6), 622–626. doi:10.1037/a0029041
- OECD. (2013). *A skills beyond school commentary on Iceland*. Höfundur: Musset, P. og Valle, R. C.
- Osborn, D. S., Dikel, M. F. og Sampson, J. P. (2011). *The internet: A tool for career planning* (3rd ed.). Broken Arrow, OK: National Career Development Association.
- Osborn, D. S. og LoFrisco, B. M. (2012). How do career centers use social networking sites? *The Career Development Quarterly; Alexandria*, 60(3), 263–272.
- Parsons, F. (2005). *Choosing a vocation*. Broken Arrow, OK: National Career Development Association.
- Read, A. (2016, 2. ágúst). Instagram stories: The complete guide to using stories. *Social*. Sótt 26. nóvember 2018 af <https://blog.bufferapp.com/instagram-stories>

- Regína B. Erlingsdóttir og Sóley R. Guðmundsdóttir. (2017). *Stefnumótunaráætlun í náms- og starfsráðgjöf fyrir grunnskóla á Íslandi* (óbirt skýrsla). Háskóli Íslands.
- Sampson, J. P. (2008). *Designing and implementing career programs: a handbook for effective practice*. Broken Arrow, OK: National Career Development Association.
- Sampson, J. P. og Makela, J. P. (2014). Ethical issues associated with information and communication technology in counseling and guidance. *International Journal for Educational and Vocational Guidance*, 14(1), 135–148. doi:10.1007/s10775-013-9258-7
- Sampson, J. P., Osborn, D. S., Kettunen, J., Hou, P.-C., Miller, A. K. og Makela, J. P. (2018). The validity of social media–based career information. *The Career Development Quarterly*, 66(2), 121–134. doi:10.1002/cdq.12127
- Savickas, M. (2011). *Career counseling* (1st ed.). Washington, D.C: American Psychological Association.
- Stefán Jökulsson. (2012). Miðlamennt og miðlalæsi. Í *Læsi – Ritroð um grunnþætti menntunar* (bls. 50–55). Mennta- og menningamálaráðurneyti og Námsgagnastofnun. Sótt 24. september 2018 af <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/laesi/#2>
- Suler, J. (2004). The online disinhibition effect. *CyberPsychology & Behavior*, 7(3), 321–326. doi:10.1089/1094931041291295
- Super, D. E. (1990). A life-span, life-space approach to career development. Í *Career choice and development* (2. útg., bls. 197–261). San Fransisco: Jossey-Bass.
- UddannelsesGuiden | . (e.d.). Sótt 6. desember 2018 af <https://www.ug.dk/>
- Vuorinen, R., Sampson, J. P. og Kettunen, J. (2011). The perceived role of technology in career guidance among practitioners who are experienced internet users. *Australian Journal of Career Development*, 20(3), 39–46. doi:10.1177/103841621102000307
- Whiston, S. C. og Keller, B. K. (2004). The influences of the family of origin on career development: A review and analysis. *The Counseling Psychologist*, 32(4), 493–568. doi:10.1177/0011000004265660
- Þingskjal 14. (2005-2006). Tillaga til þingsályktunar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í *grunn- og framhaldsskólum*. Sótt 23. september 2018 af <https://www.althingi.is/alttext/132/s/0014.html>

Viðauki 1

Háskóli Íslands
Félagsvísindasvið
Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
Náms- og starfsráðgjöf
Haustmisseri 2018

Rannsakandi:
Hildur Mist L. Pálmarsdóttir
270692-3899
Meistaraneми í
náms- og starfsráðgjöf við HÍ

Trúnaðaryfirlýsing og samþykki vegna þátttöku

Farið verður með öll gögn þessarar rannsóknar sem trúnaðarupplýsingar. Þátttakendum verða gefin gervinöfn og öllum gögnum verður eytt að lokinni afritun og greiningu viðtala. Auk þess verður gætt til hins ítrasta að ekki verði unnt að rekja persónugreinanlegar upplýsingar aftur til þátttakenda í meistararitgerðinni. Þátttakanda er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem á viðtali stendur.

Ég undirritaður/undirrituð samþykki hér með að gerast þátttakandi í meistararannsókn um sýn notenda á nýtingu samfélgsmiðla við náms- og starfsfræðslu.

Dagsetning og staður

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift rannsakanda

Viðauki 2

Rannsókn á sýn notenda varðandi nýtingu samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu

Viðtalsrammi fyrir 18-19 ára einstaklinga

Markmið rannsóknar – rannsóknin beinist að

- Sýn notenda á að nota samfélagsmiðla til að miðla upplýsingum um nám og störf
- Reynsla einstaklinga á að nota samfélagsmiðla við upplýsingaöflun
- Reynsla af samfélagsmiðlum í tengslum við nám
- Hvort viðkomandi hafi hlotið náms- og starfsfræðslu
- Hvernig telja notendur að nýting samfélagsmiðla í náms- og starfsfræðslu myndi gagnast

Inngangur – upphaf viðtals

- Kynna sig og rannsóknina: Rannsókn þar sem verið er að kanna sýn nemenda/notenda á því að nota samfélagsmiðla til þess að miðla upplýsingum um nám og störf – náms- og starfsfræðsla
- Segja frá trúnaði, nafnleynd, tímalengd viðtals
- Afhenda trúnaðaryfirlýsingu og fá undirskrift
- Fá leyfi til þess að taka viðtalið upp

1. Núverandi aðstæður

Fá stutt yfirlit yfir aðstæður þátttakenda og koma viðtalinu af stað með léttum og einföldum spurningum

- Aldur
- Í hvaða framhaldsskóla viðkomandi er í
- Í hvaða bekk í framhaldsskóla
- Búseta

2. Náms- og starfsfræðsla

Hér vil ég hvetja viðmælanda til að gefa nákvæmar lýsingar, hugmyndir sínar og upplifun.

- Náms- og starfsfræðsla
 - Getur þú útskýrt fyrir mér hvað náms- og starfsfræðsla er?
 - Hefur þú fengið náms- og starfsfræðslu áður? Hvernig?°
 - Hafði náms- og starfsfræðsla einhver áhrif á þig? Hvernig þá?
- Hvernig var henni háttað – Vettvangsheimsóknir t.d.
- Hver sá um náms- og starfsfræðslu – kennari, skólastjóri, náms- og starfsráðgjafi
- Í hvaða tíma var náms- og starfsfræðsla/ Var val áfangi eða lífsleikni t.d.
 - Hversu margir tímar voru?
 - Fengu þið upplýsingar um mismunandi framhaldsskóla? Hvernig þá?
- Í hvaða bekkjum fór náms- og starfsfræðsla fram í grunnskóla? En í framhaldsskóla?
 - Hefur þú farið í einhverskonar áhugasviðspróf? En styrkleikapróf?
 - Hvað var gert í náms- og starfsfræðslunni?
- Fræðsla í framhaldsskóla
 - Hvernig náms- og starfsfræðslu ertu að fá í framhaldsskóla?
 - Hvernig er henni háttað?
 - Nú ert þú á lokaári í framhaldsskóla, hvernig fræðslu hefur þú fengið varðandi nám eftir framhaldsskóla?

3. Upplýsingaöflun varðandi nám og störf

Fá fram reynslu og hvernig viðkomandi kys að afla sér upplýsinga.

- Lýstu fyrir mér hvernig þú myndir kjósa að afla þér eða fá upplýsingar varðandi nám og störf
 - Kennslustund, náms- og starfsráðgjafa, jafningjar, foreldrar, fjölskylda, samfélagsmiðla, internetið
- Ef þú horfir til baka – hvernig fékkst þú þær upplýsingar sem þú þurftir varðandi nám og störf
 - Jafningjar, foreldrar, náms- og starfsráðgjafi, fræðsla, heimsóknir
- Vettvangsheimsóknir
 - Ef þú hugsar til baka þegar þú fórst í vettvangsheimsóknir, hvernig áhrif gætu þær hafa haft á þig og þína sýn varðandi starfið?
- Hvernig kýst þú að leita eða afla þér upplýsinga varðandi nám og störf? Afhverju?
- Hver finnst þér vera fljótlegasta leiðin til þess að fá upplýsingar í dag? Afhverju?

4. Val á framhaldsskóla

Hvernig viðkomandi valdi framhaldsskóla, hvað var það sem hafði áhrif. Fá fram góðar lýsingar og nákvæma frásögn.

- Bóknám, starfsnám
 - Á hvaða braut ertu í framhaldsskóla? Bóknámsbraut eða starfsnámsbraut?
 - Finnst þér þú vera að fylgja áhugasviðinu þínu með því að fara á þessa braut eða í þennan framhaldsskóla?
- Hvað hafði áhrif á val á framhaldsskóla?
 - Getur þú sagt mér afhverju þú valdir þessa braut í framhaldsskóla?
- Jafningjar, fjölskylda, búseta, tómstundir, orðræða
 - Var eitthvað sem hafði áhrif á val þitt á framhaldsskóla? Hvernig þá?
- Ferlið þegar verið var að sækja um framhaldsskóla
 - Fengu nemendur aðstoð frá kennara eða náms- og starfsráðgjafa?
 - Geturu sagt mér hvernig aðstoð? Einstaklings eða hópaðstoð?

5. Framtíðarplön

Hugsunin að fá fram hjá viðkomandi hvort að hann sé að horfa til framtíðarinnar, val á framhaldsskóla og námsbraut. Mikilvægi starfs og fyrirmyndir.

- Háskóli, framhaldsnám
 - Hyggst þú fara í háskólanám eða nám eftir framhaldsskóla?
 - Beint eftir framhaldsskóla?
 - Þegar þú horfir til baka, hefur það alltaf verið ákvörðunin þín?
 - Hvernig gæti ákvörðun þín hafa mótast?
 - Hvað gæti verið að hafa áhrif á ákvörðun þína?
- Hvernig var framhaldsskóli valinn með framtíðarplön í huga
 - Höfðu framtíðarplön einhver áhrif á val á framhaldsskóla? Ef svo er hvernig?
- Breyting á framtíðarplönunum
 - Hefur hugsanaháttur þinn varðandi nám og störf eitthvað breyst undanfarið?
 - Hvað er það sem gæti hafa haft áhrif á þetta?
- Starf í framtíðinni
 - Ef þú horfir til baka, hvað er það sem hefur haft áhrif á að þú viljir starfa við það?
 - Hvernig mótaðist sú hugsun hjá þér?
- Mikilvægi náms og starfs
 - Getur þú sagt mér hversu mikilvægt nám og störf er fyrir þér?
 - Afhverju finnst þér það?

6. Samfélagsmiðlar

Koma inn á samfélagsmiðla í daglegu lífi og reyna að tengja það við upplýsingaöflun, bæði almennt og tengt námi.

- Hvernig er notkun samfélagsmiðla hjá viðkomandi háttað? Á hvaða samfélagsmiðlum er hann
 - Notar þú samfélagsmiðla í daglegu lífi?
 - Hvenær byrjaðir þú að nota samfélagsmiðla?
 - Í hvaða tilgangi byrjaðir þú að nota samfélagsmiðla?
 - Getur þú sagt mér ástæðuna fyrir því að þú notar samfélagsmiðla?
- Samskipti eða upplýsingatæki
 - Hvernig mundir þú lýsa samfélagsmiðlum?
 - Finnst þér þetta geta verið upplýsinga- og samskiptatæki varðandi nám og störf? / Hvernig þá?
 - Hvernig mundir þú vilja nýta þér samfélagsmiðla við upplýsingaöflun varðandi nám og störf?
 - Hverjir mundir þú vilja að sjái um að setja upplýsingar á netið?
- Tíma varið í samfélagsmiðla
 - Hversu miklum tíma heldur þú að þú eyðir á samfélagsmiðlum?
- Tölvunotkun við nám og störf
 - Hefur þú einhverja reynslu af því að nýta þér samfélagsmiðla við nám eða vinnu? Hvernig þá?
- Upplýsingamiðlun á netinu
 - Hvernig finnst þér best að leita þér upplýsinga? Notar þú netið eða bæklinga/bækur eða annað til þess að leita þér upplýsinga? Hvernig þá?
 - Hvað teluru vera fljótlegustu leiðina til þess að ná í upplýsingar varðandi nám og störf? Afhverju segir þú það?
 - Hvernig veistu hvaða upplýsingum þú átt að treysta og hvort að þær séu réttar?

7. Nýtingu samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu

Hér vil ég fá fram hugmyndir þeirra og sýn á því að nota samfélagsmiðla við náms- og starfsfræðslu. Biðja um að vera nákvæm varðandi hugmyndir sínar og sýn.

- Hugmyndir viðkomandi um að miðla upplýsingum um nám og störf í gegnum samfélagsmiðla
 - Núna er hugsunin sú með rannsókn minni að skoða hvernig nemendur horfa á það að náms- og starfsráðgjafar noti samfélagsmiðla. Hvernig finnst þér sú hugmynd? Afhverju?
- Náms- og starfsráðgjafar nota samfélagsmiðla

- Hefur þú einhverja reynslu af því að hafa samband við einstakling með nám og upplýsingar í gegnum samfélagsmiðla? Hvernig?
- Hvaða samfélagsmiðla teluru að væri heppilegast að nota ef þú miðar við þinn aldur og að ná til þeirra?
- Telur þú að þetta gæti nýst einstaklingum sem eru að ákveða hvaða nám eða starf þeir vilja fara í?
- Reynsla af upplýsingamiðlun á netinu varðandi nám og störf
 - Hefur þú leitað þér náms- og starfsstengdra upplýsinga á netinu? Hvernig þá?
 - Á hvaða síðum hefur þú verið að fá upplýsingar?

Lok viðtals

- Enda á að spyrja viðmælanda hvort það sé eitthvað sem honum/henni liggji á hjarta og vilji bæta við.
- Hefur eitthvað mikilvægt gleymst?
- Ítreka og minna á trúnað og nafnleynd
- Biðja um leyfi til að hafa samband aftur ef eitthvað hefur gleymst.
- Þakka fyrir viðtalið og slökkva á upptöku